


# - LÖGREGLU - MAÐURINN

2. tbl - 2006

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
2. tölublað - 22. árgangur 2006 - 57. blað



Ritstjóri:
Páll Winkel

Ritnefnd: Erna Sigfúsdóttir RLS, Jón Svanberg Hjartarson Ísafirði, Þórhallur Árnason Eskifirði, Berglind Eyjólfsdóttir Reykjavík og Stefanía Vigfúsdóttir LL



Ábyrgðarmaður:
Sveinn I. Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:

Páll Winkel
framkvæmdasjóri



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofustjóri LL

Prófork:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Menningarnótt 2006
ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is

www.ll.bsrb.is



## Efnisyfirlit









| | |
|---|---|
| Friðarþingið | bls 4 |
| Félagar fá fræðslu um nýjustu framfarir á öllum sviðum | bls 8 |
| Breytingar á umferðarlögum | bls 11 |
| Streitustjórnun og sálræn handleiðsla fyrir lögreglumenn | bls 12 |
| Örfræðsla - Launatafla | bls 14 |
| Umræður um málefni lögreglu | bls 16 |
| Sumarferð lífeyrisþegadeildar LL | bls 20 |
| Í námi á æfingasvæði lögreglunnar í Sedgley Park | bls 22 |
| Íþróttir | bls 26 |


# Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Skrifið stuttar greinar „það er skoðun undirritaðs"
- Ekki lengra en um 3.000 slög.
- Forðist skammstafanir
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritnefnd/ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvor efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs leyft sé þess getið hvaðan það er fengið.



# Formannshornið

*Eins og kunnugt er voru samþykktar breytingar á lögreglulögum á liðnu vorþingi. Í nýjum lögum felast mestu breytingar á uppbyggingu og skipulagi lögreglu á síðari árum. Helstu markmið breytinganna eru að auka löggæslu og sérfræðiþekkingu rannsóknadeilda lögreglu. Ljóst er að afar mikil vinna er framundan hjá öllum þeim aðilum er koma að skipulagi bættrar löggæslu, jafnt lögreglustjórum, innleiðingarstjóra og ekki síst Landssambandi lögreglumanna. Svo ánægjulega vill til að afar gott samstarf er milli LL og allra þeirra sem að skipulagningunni koma og sameiginlegur vilji aðila að sem best takist til við endurskipulagninguna.*
*Helstu verkefni LL vegna breytinganna eru þríþætt. Í fyrsta lagi á sambandið fulltrúa í nefnd til ráðgjafar við stofnun nýs lögregluembættis á höfuðborgarsvæðinu og flutning starfsmanna til þess. Fulltrúi LL er Páll Winkel, framkvæmdastjóri sambandsins. Í öðru lagi er LL í nánu samstarfi við Ólaf K. Ólafsson, lögreglustjóra og innleiðingarstjóra vegna sameiningar á landsvísu en Sveinn I. Magnússon, formaður LL, mun sinna þeim starfa að mestu leyti. Þá hafa fulltrúar LL fundað með Stefáni Eiríkssyni, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, vegna sameiningar lögregluumdæmanna á höfuðborgarsvæðinu og mun LL verða upplýst um framkvæmd þeirrar sameiningar og gefinn kostur á að verða með í ráðum um skipulagningu. Verkefni LL í tengslum við breytingarnar eru mjög fjölbreytt og flókin en snúa að mestu leyti um að tryggja réttindi félagsmanna og koma að breytingum á vaktkerfum lögreglu á landsvísu. Er það von LL að sátt náist um breytingarnar og uppbygging lögreglu verði betri og faglegri að breytingum loknum.*

**Sveinn I. Magnússon,**
**formaður**

# Ritstjórapistill

*Fjölmiðlar hafa verið afar uppteknir við að greina frá smæstu mögulegu fréttum af mótmælendum við Kárahnjúka síðustu vikur. Það sem hefur vakið hvað mesta furðu mína í tengslum við þetta er tvennt.*
*Annars vegar það að sumir fjölmiðlar hafa athugasemdalaust birt fullyrðingar þessa fámenna hóps algerlega án þess að kynna sér allar hliðar mála en í vissum tilvikum hefur um þvílíka vitleysu verið að ræða sem hefur verið til þess fallin að sverta orðspor lögreglunnar. Ýmis dæmi má nefna en um þverbak keyrði þegar ákveðin fréttastofa hafði eftir mótmælanda að lögreglan hefði beitt þá kynferðislegu ofbeldi við framkvæmd handtöku. Fréttin var þannig sett fram að viðkomandi mótmælendur hygðust kæra lögreglu fyrir kynferðisofbeldi en ekki var leitað eftir skýringum lögreglu eða viðbrögðum hennar vegna þessara ásakana. Einkennileg vinnubrögð við vinnslu fréttar sem óneitanlega getur haft slæmar afleiðingar.*
*Hins vegar er það hvernig umfjöllun hefur verið vegna meintra mistaka eins lögreglumanns við framkvæmd skyldustarfa við Kárahnjúka. Myndbrot birtist þar sem lögreglumaður stjakaði við myndatökumanni sem farið hafði inn á vinnusvæði lögreglu. Eftir að þessi frétt var birt í sjónvarpi komu ýmsir menn fram og sögðu frétt þessa sanna að lögreglan í heild sinni væri óheiðarleg, lygin, ofbeldishneigð o.s.frv. Lengst allra gekk Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri, en í ljósi ferils hans og starfsloka hjá DV þurfa menn nú ekki að hafa þungar áhyggjur af skoðunum hans. Þessi umfjöllun og ummæli vegna fréttarinnar sýna hins vegar hve erfitt vinnuumhverfi lögreglumanna er.*

**Páll Winkel**

Lögmannsstofan
FORTIS
GYLFI THORLACIUS hrl. | SVALA THORLACIUS hrl.
S. SIF THORLACIUS hdl. | KRISTJÁN B. THORLACIUS hdl.
Laugavegi 7 • 101 Reykjavík • S. 520 5800 • Fax: 562 2585 • fortis@fortis.is • www.fortis.is

spron
– fyrir allt sem þú ert

UMFERÐARSTOFA




• *Starfsmenn þingsins: Óskar Bjartmarz, þingforseti, Magnús Einarsson, varaforseti og ritararnir Frímann B. Baldursson og Jónas H. Ottósson*

# Friðarþingið

## í Munaðarnesi 2 .– 3. maí 2006



• *Frá þinginu*

**Það að mæta til þings Landssambands lögreglumanna hefur oftar en ekki verið eins og að aka út í óvissuna sökum deilna um uppbyggingu félagsins og aðildar að því og hafa margar eftirminnilegar uppákomur átt sér stað af þeim sökum. En 27. þing LL sem haldið var í Munaðarnesi dagana 2. – 3. maí 2006 sýndi það og sannaði að óvissan er fyrir bí og almenn samstaða og sátt er meðal lögreglumanna um uppbyggingu LL, stefnu þess og stjórnun. Af þessum sökum var m.a. hægt að halda þingið á tveimur dögum í stað þriggja áður og fékk það nafnið „Friðarþingið".**

Þingforseti þessa þings var fyrrverandi formaður LL, Óskar Bjartmarz, en hann var einnig að láta af setu í stjórn þar sem hann hefur setið undanfarin 10 ár. Þingstörf voru með hefðbundnum hætti og mættu fulltrúar frá öllum deildum að undanskilinni deildinni á Keflavíkurflugvelli.

Kynnt var skýrsla stjórnar þar sem fram kom að frá síðasta þingi hefur margt breyst, framkvæmdastjóraskipti urðu á árinu 2004, formannsskipti á árinu 2005 og rekstrartapi á árinu 2004 var snúið í rekstrarafgang á árinu 2005. Mörg stór og viðamikil verkefni lágu fyrir, s.s. gerð kjarasamninga sem voru undirritaðir 30. apríl 2005 og voru þeir sögulegir fyrir þær sakir að þetta var í fyrsta skipti síðan lög um kjarasamninga tóku gildi að gengið var frá kjarasamningi á milli ríkis og stéttarfélags áður en gildandi samningur rann úr gildi.



Þá kom fram í skýrslu stjórnar að mikið púður hefði farið í að vinna að bættum starfsskilyrðum lögreglumanna, s.s. að bæta úr því umhverfi sem nú er með ofbeldi og hótanir í garð lögreglumanna og var mikill samhugur á meðal þingfulltrúa að halda þeirri baráttu áfram.
Er þing LL var haldið lá ekki fyrir endanleg afgreiðsla á frumvarpi til breytinga á lögreglulögum sem var þá til umræðu á Alþingi og væntanlegt til afgreiðslu fyrir þinglok. Í því frumvarpi felst talverð breyting á umhverfi okkar lögreglumanna sem kallar einnig á lagabreytingar í okkar ranni. Samþykkt var á þinginu að boða til sérstaks aukaþings haustið 2006 til að fara yfir lög LL og gera á þeim nauðsynlegar breytingar. Þrátt fyrir þetta samþykktu þingfulltrúar þá tillögu stjórnar LL að gera þær breytingar á lögum LL að fækkað yrði í framkvæmdastjórn úr 4 fulltrúum í 3 í komandi stjórn og að heimilt yrði að breyta lögum LL á aukaþingi veturinn 2006 – 2007.



• *“Tískusýning” Eiríkur B. Ragnarsson*

Miklar umræður sköpuðust um þann kostnað sem hver þingfulltrúi þarf að greiða og að öllu jöfnu fellur á svæðisdeild viðkomandi aðila. Sýndist sitt hverjum þar sem að eftir síðustu lagabreytingar væri frjáls aðild að svæðisdeildum væri óeðlilegt að svæðisdeild greiddi kostnað á þing LL fyrir þann aðila sem væri ekki í viðkomandi deild en færi samt til þings sem fulltrúi þess svæðis. Voru menn almennt sammála um að þetta yrði að taka til endurskoðunar og þá með það í huga að allur kostnaður vegna þinghalds falli á LL. Samþykkt var ályktun þess efnis að LL sjái héðan í frá um kostnað fulltrúa á þing LL.
Á þinginu var haldin „tískusýning“ þar sem sýndur var sá fatnaður sem stefnt er á að taka í notkun í upphafi árs 2007 en vinnuhópur hefur verið að störfum undanfarna mánuði vegna breytinga á fata- og tækjamálum lögreglumanna. Lýstu menn almennri ánægju með þennan nýja fatnað.
Talsverð umræða fór fram um kjaramál lögreglumanna og voru menn almennt sammála um að gera mætti enn betur í þeim málum. Á almennum vinnumarkaði er tilhneiging til að fólk sæki frekar í dagvinnustörf og illa tekst að manna vaktavinnustörf



• *Kaffihlé*

*Á þingi Landssambands lögreglumanna sem haldið var dagana 2. til 4. maí sl. voru samkvæmt hefð veitt brons-, silfur- og gullmerki sambandsins þeim sem unnið hafa gott starf í þágu LL. Ein orðuveitingin var afar sérstök þar sem í fyrsta sinn var einstaklingi utan lögreglu veitt æðsta heiðursmerki sambandsins. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, var sæmdur gullmerki sambandsins vegna sérstaklega góðra starfa í þágu lögreglu.*

*Í ræðu Sveins I. Magnússonar, formanns LL, við þetta tilefni kom fram að ástæður orðuveitingarinnar væru m.a. þær að Björn hefði með markvissum hætti unnið að hagsmunamálum lögreglumanna og sýnt það í verki að honum væri umhugað að aðbúnaður lögreglumanna væri með sem bestum hætti. Væri þar af mörgu að taka en meðal þess sem Björn hefði beitt sér fyrir væri bætt vitnavernd lögreglumanna, metnaður í tengslum við menntunarmál lögreglu, efling sérsveitar, fjölgun stöðugilda, efling fjarskiptamiðstöðvar og yfirfærsla almannavarna til lögreglu. Þá tók Sveinn fram að Björn hefði sýnt málflutningi LL varðandi bætt vinnuumhverfi lögreglumanna mikinn og góðan skilning eins og reyndar kom fram í ræðu ráðherra fyrir hátíðarkvöldverðinn. Loks tók Sveinn fram að síðast en ekki síst hefði Björn sýnt þá áræðni að stíga það skref að fækka lögregluumdæmum og stækka þau og þannig bætt þjónustu lögreglu og aukið sérfræðiþekkingu hennar með það að markmiði að styrkja rannsóknardeildir. Björn hlaut gullmerki sambandsins nr. 8.*



• *Bronshafarnir Sigurður Benjamínsson, Þórhallur Árnason, Rúdolf Axelsson, Davíð B. Guðbjartsson, Ragnar Þór Árnason, Björn Ágúst Einarsson, Jóhann Jóhannsson, Þórður Sigurðsson, Þorgrímur Óli Sigurðsson, Jón Bjarni Geirsson og Ólafur Íshólm Jónsson ásamt formanni LL*



• *Geir Jón lagði sig fram með alúð að útskýra ágæti fatnaðarins er Aðalsteinn Júlíusson sýndi*

en þessu er nú öfugt farið hjá okkur lögreglumönnum. Illa gengur að manna rannsóknardeildir og hafa reynslumiklir lögreglumenn á rannsóknarsviði fært sig yfir í vaktavinnu til að halda þokkalegum launum og er það miður. Þá sáu menn það fyrir sér að næsta skref í starfslokamálum yrði að komast niður í 63 árin og að álag fengist á aukavinnu í samræmi við álagskafla kjarasamnings.

Mörg önnur atriði tengd okkar starfsumhverfi voru rædd og skiptust menn á skoðunum um hin ýmsu mál en það sem stendur upp úr var að einhugur og samstaða ríkti á meðal þingfulltrúa um að standa vörð saman um hagsmuni og starfsöryggi okkar lögreglumanna.

Í fyrsta skipti var nú ekki kosið í stjórn á þingi heldur hafði það verið framkvæmt fyrir þing samkvæmt nýjum lögum LL frá síðasta þingi. Kynnt var ný stjórn sem Sveinn Ingiberg Magnússon leiðir sem formaður næstu tvö árin.

Tveir gestir heiðruðu þingið með nærveru sinni, þeir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Arnar Guðmundsson, skólastjóri Lögregluskólans. Arnar hélt tölu um störf og stefnu Lögregluskólans og viðraði



• *Óskar Bjartmarz er hér sæmdur gullmerki LL*



• *Fordrykkur í boði dómsmálaráðherra, Þórir Steingrímsson, Páll Winkel, Björn Bjarnason og Gissur Guðmundsson*



• *Silfurhafarnir Sveinn Ingiberg Magnússon, Gissur Guðmundsson, Sævar Þ. Jóhannesson, Heiðar Bjarndal Jónsson, Elías J. Jónsson og Kristján Kristjánsson*




• *Viðstaddir félagar úr Lögreglukórnum tóku lagið*

þær hugmyndir sem skólinn hefur verið að skoða en taldi jafnframt að eitt af stærstu vandamálunum þar væri að ekki lægi fyrir skýr menntastefna stjórnvalda um menntun lögreglumanna.
Björn Bjarnason dómsmálaráðherra kynnti stöðu frumvarpsins um breytingar á lögreglulögunum og ræddi nauðsyn þess að vera á varðbergi gagnvart skipulagðri glæpastarfsemi og þeim breytingum sem hafa átt sér stað í þjóðfélagi voru, m.a. með auknu streymi erlends vinnuafls til landsins.
Í hátíðarkvöldverðarboði sem haldið var í lok þingsins var Björn Bjarnason sæmdur gullmerki Landssambands lögreglumanna, sá fyrsti sem hlýtur það merki utan raða lögreglumanna.

**Hermann Karlsson varaformaður LL**

## Helstu ályktanir þings

**Þingskjal 21**
Að tekin verði til greina ný staða Landssambands lögreglumanna og að LL sjá alfarið um kostnað þingfulltrúa á þing LL

**Þingskjal 22**
XXVII. þing LL haldið í Munaðarnesi 2. – 4. maí 2006 lýsir yfir áhyggjum vegna þeirrar stöðu sem skapast hefur í rannsóknardeildum á landinu og þá sérstaklega í Reykjavík

**Þingskjal 23**
XXVII. þing LL haldið í Munaðarnesi 2. – 4. maí 2006 felur stjórn LL að fara í vinnu er lýtur að úrsögn LL úr BSRB

**Þingskjal 24**
XXVII. þing LL lýsir yfir þungum áhyggjum vegna slæms vinnuumhverfis lögreglumanna á Íslandi. Nauðsynlegt er að bæta lagaumhverfi fyrir lögreglumenn með það að markmiði m.a. að refsingar fyrir ofbeldi gagnvart lögreglumönnum verði færðar í eðlilegt horf og verði í samræmi við refsingar vegna annarra alvarlegra brota. Þing LL fagnar því að dómsmálaráðuneytið hefur tekið undir sjónarmið LL um að brýnt sé að bæta vinnuumhverfi lögreglumanna.
Vinnuumhverfi lögreglumanna er erfitt, álag, andlegt sem líkamlegt, er mikið og brýnt að bregðast við þegar í stað

**Þingskjal 25**
XXVII. þing LL lýsir þungum áhyggjum yfir þeirri staðreynd að ófaglærðum skuli heimilt að vinna lögreglustörf. Þingið hvetur yfirvöld löggæslumála til að huga að breytingum á lagaumhverfi til að útiloka það að ófaglært fólk vinni slík störf sem óumdeilt krefjast fagþekkingar. Um leið hvetur þingið yfirvöld til að huga að úrræðum, meðal annars skipulagsbreytingum, til að leysa knýjandi mannaflaþörf með faglegum hætti



• *Páll Winkel í pontu*



• *Ánægðir í lok þings*



• *Karl Jóhann og Ívar Ísak í pásu.*



• *Nefndarstarf*





*Tákn Bandaríkjanna, ýmist dáð eða hatað.*

*San Francisco er einstök borg.*

# Félagar fá fræðslu um nýjustu *framfarir á öllum sviðum*

## *Námsferð til Bandaríkjanna árið 2005*

Dagana 31. júlí til 5. ágúst 2005 fóru greinarhöfundur og eftirtaldir lögreglumenn; Benedikt H. Benediktsson, Einar Ásbjörnsson, Erlendur I. Jónsson og Kristján Ingi Kristjánsson, á námskeið um rannsóknir á manndrápum, sem haldið var í San Francisco. Námskeiðið var haldið á vegum Alþjóðlegu manndrápsrannsóknarstofnunarinnar – International Homicide Investigators Association eða IHIA eins og það er skammstafað, en þar var fjallað um manndráp af ýmsu tagi í Bandaríkjunum og Evrópu, stjórnun rannsókna í slíkum málum, brottnám á börnum, raðmorð og manndráp tengd hryðjuverkum svo eitthvað sé nefnt. Mál voru reifuð mjög hreinskilnislega frá upphafi til enda og skoðuð með tilliti til þess hvað vel hefði verið gert eða betur mátt fara. Í þessari blaðagrein verður ekki farið í þetta efni sem var gríðarlega fróðlegt (því verða gerð skil í greinargerð sem unnið er að), heldur sagt í stuttu máli frá ferðinni og samtökunum.

### Samtökin

Eftirfarandi er efni frá IHIA um stofnunina og markmið hennar sem greinarhöfundur hefur þýtt lauslega til fróðleiks fyrir lesendur.

IHIA var stofnað á ráðstefnu um ofbeldismál á vegum bandarísku alríkislögreglunnar (FBI) sem haldin var í Quantico í Virginíu árið 1988. Á þeirri ráðstefnu var samankominn einstakur hópur fagmanna úr öllum heiminum og voru fulltrúar frá öllum rannsóknarsviðum, sem fást við rannsóknir á manndrápum.

IHIA eru nú orðin að stærstu samtökum fagmanna sem fást við slíkar rannsóknir og þau sem vaxa hraðast. Í samtökunum eru nú meira en 1.600 félagar alls staðar að úr heiminum og mynda þeir net fagmanna og sérfræðinga sem er orðið stærra og víðáttumeira en áður hefur þekkst. IHIA- samtökin starfa nú í öllum ríkjum Bandaríkjanna og í 15 öðrum löndum en þau eru Austurríki, Ástralía, Belgía, Brasilía, Bretland, Danmörk, Holland, Írland, Ísland, Kanada, Kína, Noregur, Svíþjóð, Trínidad og Tobago og Þýskaland. Fjölbreytileiki félaganna í IHIA, bæði hvað snertir starfssvið og þjóðerni, eykur gríðarlega möguleika stofnunarinnar á að fást við þau fjölbreyttu vandamál, sem rannsakendur í manndrápsmálum þurfa að fást við í heiminum nú til dags. Aðalhlutverk IHIA er að styðja við og standa með lögreglu og rannsóknarmönnum með því að sjá þeim fyrir leiðsögn, kennslu, aðstöðu og sérþekkingu til að leysa mál. Til að manndrápsrannsókn takist vel þarf ekki bara frábæra aðstöðu og sérþekkingu heldur líka samvinnu milli stofnana og mismunandi starfshópa. Af þeim ástæðum eru félagar í IHIA úr öllum starfsgreinum sem geta komið að slíkum rannsóknum þannig að hægt sé að stuðla að samræmingu, samvinnu og einingu. Þessi grundvallaratriði eru skilyrði fyrir að manndrápsrannsókn ljúki á farsælan og faglegan hátt. Það sem IHIA metur mest er fagmennska, ábyrgð, samvinna, samskipti, teymisvinna, heiðarleiki, vinnusemi og þrautseigja, sem allt er nauðsynlegt fyrir þann sem ætlar sér að verða fær rannsóknarlögreglumaður. Með því að setja öll þessi nauðsynlegu skilyrði undir einn hatt getur IHIA stuðlað að samvinnu og faglegu sambandi og upplýsingaflæði hvað snertir:

Manndrápsrannsóknir

Aðferðafræði hvað snertir rannsókn og undirbúning málssóknar

Nýjustu framfarir í rannsóknartækni og rannsóknarvinnu

Tilhneigingu í glæpsamlegri hegðun og aðferðum

Samanburð mála til að finna sameiginleg sérkenni

Til að ná þessum markmiðum eru haldnar árlegar ráðstefnur og þjálfunarnámskeið. Félagar fá fræðslu um nýjustu framfarir á öllum sviðum frá þekktum sér-



*Stefán Örn Guðjónsson*



fræðingum hvaðanæva. Þessir fundir gefa félögum IHIA enn fremur tækifæri til að kynna tilfelli og deila reynslu sinni. Á þann hátt eru félagarnir sjálfir orðnir ómetanlegt safn heimilda til hjálpar hver öðrum við lausn manndrápsmála.

Í samræmi við það hlutverk IHIA að styðja löggæslustarfsemi gengu samtökin til samstarfs við bandaríska dómsmálaráðuneytið og hafa verið að vinna að tveimur þýðingarmiklum verkefnum með styrkjum frá sambandsríkinu.

Annað verkefnið snýst um að búa til (þjóð)skrá yfir lík, sem ekki hefur tekist að bera kennsl á, en það yrði ómetanleg aðstoð fyrir rannsóknaraðila sem leita flóttamanna, strokufanga, fórnarlamba mannræningja og þeirra sem hverfa vegna andlegra eða líkamlegra sjúkdóma. Slík skrá myndi jafnframt þjóna aðstandendum fórnarlamba með því að ljúka málum. Takmarkið myndi vera, að með einni fyrirspurn væri hægt að ákveða hvort líkamsleifar tiltekinnar manneskju hafi fundist einhvers staðar í landinu.

Hitt verkefnið snýr að því að koma á fót undirstöðu að samræmdu þjálfunarkerfi fyrir nýliða í manndrápsrannsóknum. Í reynd er þar um að ræða tilraun til að bæta færni rannsóknarmanna við að bæta útkomu úr manndrápsrannsóknum.

Ráðgjafanefnd, sem í eru sérfræðingar af sviðum svo sem rannsóknum, lögfræði, siðfræði, lækningarannsóknum, krufningum og talsmönnum fórnarlamba, hefur verið sett á laggirnar til að veita leiðsögn. Auk þessa veitir IHIA fjölda verðlauna á árlegum fundum. Þau eru að jafnaði veitt fyrir innsæi og þrautseigju við manndrápsrannsóknir, söfnun og /eða rannsóknir á sönnunargögnum eða framsækna málafylgju í manndrápsmálum. Þeir sem eru tilnefndir þurfa að fást við lögreglutengd störf sem aðalstarf á einu af þeim fimm sviðum sem eru upptökuskilyrði í IHIA. Þau eru manndrápsrannsóknarmenn, sérfræðingar lögreglu í tæknirannsóknum, lögreglumenn á vettvangi glæpsins, réttarmeinafræðingar og fulltrúar ákæruvaldsins. Undantekningar er hægt að gera varðandi aðra einstaklinga eða hópa, sem hafa lagt fram framúrskarandi vinnu við að upplýsa manndrápsrannsóknir. Þeir þyrftu þó ekki að vera félagar í IHIA.



*Í hléi frá fyrirlestrum.*

## Borgin

San Fransisco er einstök og afskaplega skemmtileg borg sem staðsett er í Kaliforníuríki á vesturströnd Bandaríkjanna. Borgin stendur við mynni San Francisco-flóans og breiðir þar úr sér yfir hæðótt landslag sem er mjög sérstakt og víða er frábært útsýni þaðan. Andrúmsloftið er afslappað og unun að ganga um götur og virða fyrir sér hið fjölskrúðuga mannlíf sem þar er. Borgin er þekkt fyrir hinar löngu og bröttu brekkur sem sporvagnarnir gömlu fara um, yfirleitt troðfullir af fólki, enda er bílaumferð ekki eins yfirþyrmandi þar og víða í stórborgum Bandaríkjanna. Spánverjar munu hafa fyrstir Evrópubúa siglt meðfram Kaliforníu um 1542 en ekki komið auga á hlið flóans fyrr en um 200 árum síðar og þá uppgötvað þetta frábæra og vel falda skipalægi, enda reistu þeir þar strax virki. Mexíkanar öðluðust sjálfstæði frá Spánverjum 1821 og náðu við það yfirráðum yfir Kaliforníu en þá byrjaði að myndast þéttbýli í kringum virkið sem kallað var Yerba Buena. Á árunum 1846 – 48 háðu svo Bandaríkjamenn stríð við Mexíkó og náðu Yerba Buena á sitt vald 1847 og nefndu það San Francisco.

*Merki FBI.*

*Merki IHIA.*





*Á marokkóskum veitingastað – hver þjóð hefur sinn sið og matarvenjur.*

## Úti að borða

Margir áhugaverðir staðir eru í borginni og má þá helst nefna Union Square, geysistórt torg í miðri borginni þar sem oft eru uppákomur af ýmsu tagi. Þar í kring standa stórar skrifstofubyggingar, hótel, verslanir og veitingastaðir sem reyndar eru á hverju strái.

China Town er mjög litríkt og skemmtilegt svæði sem byrjaði að þróast um 1750 þegar Kínverjar tóku að streyma til borgarinnar. North Beach er eitt það elsta í borginni og varð fljótt heimili ítalskra innflytjenda sem komu þar á fót ýmiss konar fjölskyldufyrirtækjum. Fisherman's Wharf er gamalt en endurbyggt bryggjusvæði og mikill ferðamannastaður með söfnum, veitingahúsum, minjagripabúðum og listmunaverslunum. Þar er mjög sérstakt og skemmtilegt götumannlíf m.a. með snjöllum listamönnum.

## Alcatraz eða "The Rock" eins og eyjan er kölluð

Alcatraz er lítil eyja rétt utan við bryggjusvæðið þar sem hið fræga fangelsi stendur. Það var ríkisfangelsi á árunum 1934 – 1963 og var ætlað harðsvíruðustu glæpamönnum Bandaríkjanna. Á meðal fanga þar var Al Capone líklega þekktastur. Eyjan og fangelsið eru nú ferðamannastaður og má með sanni segja að það hafi verið einn af hápunktum þessarar ferðar að fara í heimsókn þangað. Síðan má ekki gleyma hinni frægu Golden Gate Bridge (brúnni yfir gullna hliðið) en hún var teiknuð (hönnuð) af verkfræðingi sem hét Joseph Strauss. Hún var opnuð fyrir umferð í maí 1937, sem er frekar hversdagslegt hlutverk fyrir svo listræna smíði. Brúin var byggð með það fyrir augum að standast fárviðri og mikla sjávarstrauma. Miðhluti hennar er 67 metra yfir sjávarmáli til þess að orustuskip geti siglt undir hana ef nauðsynlegt er, hún er 2,7 km að lengd með sex akreinar auk göngubrauta en fleiri en hundrað þúsund farartæki fara um hana á dag. Brúin er þekkt fyrir appelsínurauða litinn sem er löngu orðinn eitt áhrifamesta sérkenni hennar, en upprunalega málningin entist í 27 ár og síðan 1965 hefur málningin verið í stöugri endurnýjun. Það tekur um tvö ár að mála hana frá einum enda til annars og er þá kominn tími til að byrja á ný. Golden Gate-brúin er eitt þekktasta kennileiti San Francisco og raunar eitt þekktasta mannvirki í heimi. Segja má að hún standi nú sem einstakt dæmi um að mannvirki geti ekki aðeins fallið að umhverfi sínu, heldur jafnvel endurbætt það. Menn hafa ekki alltaf verið jafnánægðir með byggingu brúarinnar og á sínum tíma olli bygging hennar deilum. Nú til dags hefðu sumir talið meira vit í því að leggja jarðgöng í stað brúar og ef til vill getur komið að því að svo verði gert síðar, en þegar þetta er ritað stendur brúin sem vitni um mikla framsýni og gríðarlega verkkunnáttu, raunar minnismerki um dugnað Bandaríkjamanna þegar þeir virkilega leggja sig fram.



## Lok

Þetta námskeið IHIA var fyrsta flokks, skipulag, umgjörð og fagmennska við efnisval og flutning þess báru því vitni. Námskeið IHIA eru örugglega með því besta sem gerist í faginu. Lögreglustjórinn í Reykjavík, starfsmenntunarsjóður Landssambands lögreglumanna og dómsmálaráðuneytið styrktu ferðina af myndarskap og gerðu okkur þannig kleift að sækja umrætt námskeið.

Þess má geta í lokin að greinarhöfundur er á leið á námskeið IHIA í New Orleans í sumar eða 27. ágúst – 1. september nk. Það er nauðsynlegt fyrir lögreglumenn sem gefa sig að krefjandi og erfiðum viðfangsefnum líkt og manndrápsrannsóknir eru, að eiga þess kost að sækja það besta nám sem völ er á. Lögreglustjóranum í Reykjavík er fullkunnugt um það og er eini styrkveitandi greinarhöfundar á námskeiðið. Hafi yfirstjórn lögreglunnar bestu þakkir fyrir það.

**Stefán Örn Guðjónsson**
**rannsóknarlögreglumaður R-3, Rvík.**




# Breytingar á *umferðarlögum*

Eins og lögreglumenn hafa væntanlega tekið eftir gerði Landssamband lögreglumanna alvarlegar athugasemdir við nýsamþykktar breytingar á umferðarlögum nr. 50/1987.
Samkvæmt upphaflegu frumvarpi var starfsmönnum Vegagerðarinnar veitt heimild til að stöðva ökutæki og sinna margþættu eftirliti með ökutækjum og ökumönnum. Þá var jafnframt gert ráð fyrir að grunaði starfsmenn Vegagerðar við umrætt eftirlit að ótilgreind alvarleg brot hefðu átt sér stað væri þeim heimilt að banna frekari för ökutækis til að hindra áframhaldandi brot þar til lögregla kæmi á vettvang. Þá voru í frumvarpinu útlistaðar frekari aðgerðir starfsmanna Vegagerðar á vettvangi.
Ekki þarf að velkjast í vafa um að með þessari fyrirhuguðu breytingu á umferðarlögum yrði starfsmönnum Vegagerðar veitt víðtækt lögregluvald.

Landssamband lögreglumanna fékk frumvarpið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis. Benti LL m.a. á að rannsókn opinbers máls væri verkefni lögreglu sem unnið væri í nánu samstarfi við ákæruvaldið, sbr. 1. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og 1. mgr. 8. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Þá benti LL á að fyrirhuguð lagabreyting gerði ráð fyrir að „rannsókn“ á vettvangi, upplýsingar frá „sakborningi“ og öflun annarra upplýsinga, sem mögulega yrðu notaðar í refsimáli gegn viðkomandi, yrði aflað af starfsmönnum Vegagerðar. Lögreglan væri eini aðilinn hér á landi sem gæti sinnt umferðareftirliti og eini aðilinn sem ætti að sinna þessu eftirliti. Nám lögreglumanna í Lögregluskóla ríkisins byggði að stórum hluta á kennslu í umferðarfræði og opinberu réttarfari. Einnig benti LL á að lögreglumenn hefðu einir yfirgripsmikla reynslu af eftirliti og framkvæmd umferðarreglna enda umferðarmál um 74% starfa lögreglu á Íslandi. Afar mikilvægt væri að lögreglumaður, sem hefði afskipti af ökumanni á vettvangi, kynni til verka og léti réttarfars- og réttarvörslusjónarmið ráða för við afskipti, ekki sjónarmið eftirlitsstjórnvaldsins.

Fjölmörg atriði voru nefnd til frekari rökstuðnings. Í kjölfar umsagnar LL voru fulltrúar sambandsins kallaðir fyrir samgöngunefnd í tvígang þar sem sjónarmiðum LL var fylgt frekar eftir. Niðurstaðan varð sú að meirihluti samgöngunefndar samþykkti breytingar á frumvarpinu en hins vegar hafði frumvarpið verulega breyst og dregið úr heimildum starfsmanna Vegagerðar þannig að þær breyttust lítið. Minnihluti samgöngunefndar tók hins vegar með öllu undir sjónarmið LL og taldi að með auknum heimildum Vegagerðar væri verið að setja frekari stoðir undir tvöfalt og flókið kerfi. Þá lagði minnihlutinn áherslu á að við heildarendurskoðun á umferðarlögum sem fram undan er verði þessi mál skoðuð vel og dregið úr tvöföldu eftirliti. Loks lagði minnihluti samgöngunefndar þunga áherslu á að fram til þess tíma er heildarendurskoðun umferðarlaga eigi sér stað verði eftirlitið unnið í góðri samvinnu ríkislögreglustjóraembættisins og Vegagerðarinnar.

Landssamband lögreglumanna fagnar því að ábendingar sambandsins hlutu hljómgrunn en telur brýnt að umferðarlögin verði tekin til heildstæðrar endurskoðunar m.a. með tilliti til þess hverjir skuli fara með eftirlit í umferðinni. Að mati LL er það aðeins lögregla sem á að sinna því verki.

**Páll E. Winkel, framkvæmdastjóri LL**

*Niðurstaðan varð sú að meirihluti samgöngunefndar samþykkti breytingar á frumvarpinu en hins vegar hafði frumvarpið verulega breyst og dregið úr heimildum starfsmanna Vegagerðar þannig að þær breyttust lítið.*





*Lögreglumenn þurfa oft á tíðum að takast á við mannlega harmleiki. Í reynslubrunni lögreglumanna eftir örfá ár í starfi eru oft meiri raunir en venjulegur borgari upplifir á heilli ævi. Þetta hafði greinarhöfundur, ásamt þeim Kristjáni Inga Kristjánssyni og Stefáni Erni Guðjónssyni, í huga við val á lokaverkefni í Stjórnun 1-námi á vegum Lögregluskóla ríkisins og Endurmenntun Háskóla Íslands.*

# *Streitustjórnun og sálræn handleiðsla fyrir lögreglumenn*

**Í verkefni okkar vitnuðum við í ýmsar kannanir, rannsóknir og fræðirit, skilgreindum einkenni streitu, hvað veldur streitu og bendum á ráð við streitu. Þá nefnum við algeng viðbrögð við alvarlegum áföllum, hvert menn geti leitað og markmið sálrænnar handleiðslu. Auk verkefnis okkar útbjuggum við handbók fyrir lögreglumenn um viðbrögð við streitu og áföllum. Nauðsynlegt er fyrir lögreglumenn að vera meðvitaðir um andlega heilsu sína ekki síður en líkamlega.**



## Streita

Streita er almennt hugtak yfir það álag sem fólk finnur fyrir í lífi sínu. Nær óhjákvæmilegt er að finna fyrir streitu í vinnu. Streita hefur mismunandi áhrif á einstaklinga. Verkefni sem getur verið hvetjandi fyrir einn getur valdið öðrum miklum kvíða. Aukið álag getur valdið tilfinningasveiflum, hugsanaróti og líkamlegum breytingum. Sjúkleg streita getur komið niður á frammistöðu í starfi, bitnað á heilsu og ógnað aðlögunarhæfni einstaklinga. Þeir sem eru þjáðir af streitu verða taugaóstyrkir og áhyggjufullir. Þeir eru uppstökkir og eiga erfitt með hvíld. Þeir eru ósamvinnuþýðir, eiga það til að misnota áfengi, önnur vímuefni eða lyf. Þetta eru algeng einkenni undirliggjandi streitu, jafnvel þótt orsakirnar fyrir einkennunum geti verið aðrar.

## Hvað veldur streitu?

Streituvalda er að finna bæði í vinnu og einkalífi.
Helstu streituvaldar eru:
***Samskipti***
***Verkefni***
***Álag og umhverfi***
***Vinnutími***
***Hlutverk***
***Þátttaka í ákvörðunum***
***Atvinnuöryggi***
***Menning á heimili og vinnustað***
***Samspil vinnu og einkalífs***

## Ráð við streitu

Ekki reyna að flýja vandann
Reyndu að horfast í augu við vandamálið. Sumum hættir til að flýja vandann. Flóttinn er skammgóður vermir. Ef ekki er tekið á vandanum hleður hann utan á sig, líkt og snjóbolti.
Algengar flóttaleiðir eru:
Veikindaforföll
Misnotkun á vímuefnum
Félagsleg einangrun
Ofvirkni í vinnu eða einkamálum
Hótfyndni (svartur húmor)
Svefntruflanir




## Hvað geturðu gert til að vinna bug á streitu?

Taktu skilaboðum líkamans alvarlega.
Hlustaðu á tilfinningar þínar.
Talaðu við vinnufélaga, vini eða aðstandendur um hvað hrjáir þig.
Skrifaðu eða teiknaðu hvernig þér líður. Það getur hjálpað til að gera sér grein fyrir vandanum og finna lausnir á honum.
Farðu í líkamsrækt, en þekkt er að líkamsrækt dregur verulega úr streitu.
Ef þessi ráð duga ekki ættirðu að leita aðstoðar sérfræðings, svo sem trúnaðarlæknis, sálfræðings eða prests.

Hafðu eftirfarandi ráð í huga:
Fjölskyldan í fyrirrúmi. Leggðu rækt við þína nánustu.
Reyndu að vera góður vinnufélagi. Það skilar sér til baka.
Skildu á milli starfs og einkalífs. Gerðu þér grein fyrir að enginn er ómissandi. Taktu þinn frítíma, þótt mikilvæg verkefni séu í gangi.
Reyndu að finna þína leið út úr erfiðum aðstæðum.
Stundaðu áhugamál.

## Áföll í starfi eða einkalífi

Hugtakið áfallastreita lýsir sálrænni reynslu er veldur streitu, sem er yfirþyrmandi út frá tilfinningalegu sjónarmiði. Þetta er atburður sem ógnar eða verður þess valdandi að mikilvægustu lífsgildi einstaklinga glatast. Fyrri reynsla einstaklinga nægir ekki til að takast á við þessar raunverulegu aðstæður.
Þegar öryggi einstaklinga er ógnað verulega myndast hætta á áfallastreitu. Dæmi um atburði, sem geta leitt til áfallastreitu, eru dauðsföll nákominna, skilnaðir, líkamsárásir, kynferðisbrot, lífshættulegir sjúkdómar, náttúruhamfarir, hættuástand og hryðjuverk.
Áföll geta kallað fram alls kyns neikvæðar tilfinningar. Algeng viðbrögð við alvarlegum áföllum eru:
***Reiði***
***Spenna***
***Doði, dofi***
***Einmanaleiki***
***Sektarkennd***
***Pirringur***
***Eirðarleysi***
***Þreyta***
***Depurð***
***Svefnerfiðleikar***

Ef áfallahjálp er ekki í boði eða ekki til staðar er æskilegt að ræða um tilfinningar við þann sem þú treystir, s.s. vinnufélaga, prest, heimilislækni eða einhvern í fjölskyldunni. Mjög óæskilegt er að byrgja inni hugsanir sínar hvað þá deyfa þær með vímuefnum. Ef ekki er unnið markvisst úr vandanum geta menn orðið hættulegir sjálfum sér og öðrum. Mikilvægt er að leita sér aðstoðar sérfræðinga, svo sem sálfræðings, prests eða trúnaðarlæknis, ef þú nærð ekki tökum á vandanum sjálfur.

## Sálræn handleiðsla

Markmið handleiðslu eru m.a. eftirfarandi:
Efling starfssjálfsins sem felst í því að skoða mörkin sín og læra að aðgreina starfssjálf og einkasjálf (starf og einkalíf).
***Fyrirbyggja kulnun í starfi.***
***Auka starfsgleði.***
***Bæta samskipti inn og út á við.***

Æskilegt er að sálræn handleiðsla sé í þeim deildum þar sem mjög erfið störf eru innt af hendi.
Tillögur til stjórnenda um úrbætur
Að lögreglumenn:
Gætu farið í viðtal til sálfræðings, prests eða trúnaðarlæknis embættisins, án afskipta starfsmannahalds viðkomandi embættis. Þeir ákveða hvert framhaldið verður, en geta tekið menn í allt að sex viðtöl á ári án afskipta starfsmannahalds. Telji þeir frekara framhald meðferðar nauðsynlegt leggja þeir fram tillögur til starfsmannahalds þar um.
Gætu hringt í neyðarnúmer sérfræðings, eða sérhæfðs aðila, hvenær sem er sólarhringsins, séu þeir í andlegri kreppu, sem verður þess valdandi að hætta er á að þeir grípi til örþrifaráða svo sem sjálfsvígs eða séu hættulegir öðrum. Aðstandendur lögreglumanna eða starfsfélagar geta einnig hringt í þetta símanúmer telji þeir félaga sína í andlegri kreppu.

**Berglind Eyjólfsdóttir rannsóknarlögreglumaður**







# Örfræðsla

Hinn 23. mars sl. stóð LL fyrir örfræðslu fyrir starfsmenn BSRB-hússins. Er um að ræða morgunfund sem einstök aðildarfélög standa fyrir með það að markmiði að kynna störf félagsmanna. Að þessu sinni var ákveðið að kynna störf lögreglumanna með hunda. Þorsteinn Hraundal, varðstjóri og hundaþjálfari, sá um kynninguna og áttu viðstaddir ekki orð til að lýsa undrun sinni yfir því hve starf með fíkniefnahunda er unnið af mikilli fagmennsku og hve góð vinnutæki hundarnir eru.

Þorsteinn fór yfir sögu lögregluhunda á Íslandi frá árinu 1971 til dagsins í dag. Þá sýndi Þorsteinn fíkniefnaleit með hundinum Skolla en hann stóð sig með stakri prýði. Að lokum fóru fundargestir út í bifreiðaport við húsið þar sem Skolli réðist samkvæmt skipun á framkvæmdastjóra LL sem lék brotamann á flótta. Framkvæmdastjórinn varð felmtri sleginn og játaði sig þegar sigraðan. Höfðu menn á orði að þar hefði góður biti farið í hunds kjaft.

*LL færir Þorsteini Hraundal sérstakar þakkir fyrir kynninguna.*




**Þegar andlát ber að höndum**

Útfararstofan annast meginhluta allra útfara á höfuðborgarsvæðinu.
Þar starfa nú 15 manns við útfararþjónustu og kistuframleiðslu.

*Alúðleg þjónusta sem byggir á langri reynslu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf.**

Vesturhlíð 2 – Fossvogi – Sími 551 1266 – www.utfarastofa.com








Studiobílar ehf.

Útfararþjónustan






# Umræður um *málefni*

*Að mati undirritaðs er algengara en ekki að umfjöllun um málefni lögreglu einkennist af lélegum og ómálefnalegum málflutningi.*

**Síðastliðið ár hefur umræða um málefni lögreglu verið afar áberandi í fjölmiðlum landsins. Það hefur verið áhugavert að fylgjast með þeirri miklu umfjöllun enda ýmsir fróðir menn sem hafa af mikilli þekkingu sett fram mikilvæg sjónarmið um umræðuefnið. Það sem hefur hins vegar skemmt faglega og fræðilega umfjöllun eru fullyrðingar sjálfskipaðra sérfræðinga sem hafa tjáð sig fjálglega um hinar ýmsu hliðar málefnanna og kastað fram fullyrðingum sem komið hafa í veg fyrir heilbrigðar og eðlilegar umræður um hvað bæta megi í umhverfi lögreglu. Að mati undirritaðs er algengara en ekki að umfjöllun um málefni lögreglu einkennist af lélegum og ómálefnalegum málflutningi. Skoðum nokkur dæmi.**

Nýlegt dæmi er umfjöllun um stofnun öryggislögreglu í einhverju formi á Íslandi. Dómsmálaráðherra fékk óháða sérfræðinga í lögreglu- og hryðjuverkamálum á vegum Evrópusambandsins til að gera úttekt á íslensku lögregluumhverfi með það að markmiði að leggja til breytingar væru þær nauðsynlegar vegna öryggis íslenskra borgara eða alþjóðaskuldbindinga íslenska ríkisins. Niðurstaða þessara sérfróðu aðila um uppbygginguna lögreglu var kynnt fjölmiðlum fyrir skemmstu. Þar kom m.a. fram að nauðsynlegt væri fyrir Íslendinga að setja á stofn öryggislögreglu í einhverju formi þannig að tryggt væri að lögreglu væri mögulegt að halda uppi öryggi og reglu með tilliti til breyttra tíma og þjóðfélagsaðstæðna. Í stað þess að ræða kosti og galla skýrslunnar og leggja faglegt mat á nauðsyn stofnunar öryggisdeildar innan lögreglu á Íslandi fóru sjálfskipaðir „sérfræðingar“, sem augljóslega hafa ekki sett sig inn í málaflokkinn, mikinn í að telja stofnun slíkrar deildar draum dómsmálaráðherra um að vígvæða Ísland, njósna um stjórnarandstöðu, náttúruunnendur og alla aðra sem ekki væru honum þóknanlegir. Þvílík vitleysa! Ljóst er að erfitt er að taka mark á tillögum og skoðunum manna sem láta slíkt frá sér án þess að geta fært fyrir því nokkur rök og augljóslega hafa ekki forsendur eða þekkingu á málefninu, hafa ekki haft fyrir því að kynna sér efni



# lögreglu

skýrslunnar né þess sem að baki hennar býr auk þess að bera saman uppbyggingu lögreglu í nágrannalöndum okkar.

Annað dæmi er stofnun og stækkun sérsveitar ríkislögreglustjóra. Þar hafa einnig sömu einstaklingar kastað fram alls kyns óhróðri um æðstu embættismenn ríkisins. Hafa heyrst raddir um að með stækkun sérsveitar hafi ætlunin verið að stofna íslenskan her. Þessir hinir sömu menn virðast ekki hafa kynnt sér hverjar alþjóðaskuldbindingar Ísland hefur undirgengist, en þar má nefna samning um flugvernd og siglingavernd, samning um hryðjuverk, flugrán og gíslatöku auk þess sem þeir virðast ekki þekkja til þess eðlismunar sem er á starfsemi og hlutverki hers annars vegar og lögreglu hins vegar. Það er staðreynd að það var einfaldlega faglegt mat sérfróðra aðila innan lögreglu að slík stækkun vopnaðrar sérsveitar væri nauðsynleg til að íslenska ríkið gæti fullnægt alþjóðaskuldbindingum og haldið uppi lögum og reglu í íslenskri lögsögu. Þá má geta þess að skipulag sérsveitarinnar um þessar mundir er þannig að hún sinnir hefðbundnum verkefnum lögreglu dags daglega og er því hrein viðbót við aðra sýnilega löggæslu. Einnig skal tekið fram að ítrekað verða til verkefni fyrir lögreglu þar sem nauðsynlegt er, lögreglumanna og borgara vegna, að hlutaðeigandi lögreglumenn beri vopn. Hefðu borgarar landsins viljað óvopnaða lögreglu þegar skotið var á íbúa við friðsæla götu í Hafnarfirði fyrir nokkrum vikum?

Þriðja dæmið er umfjöllun um breytingar á lögreglulögum. Undirritaður fylgdist með umræðum um frumvarpið á Alþingi. Tekið skal fram að um er að ræða mestu breytingar á uppbyggingu og starfsemi lögreglu á síðari árum. Því var eðlilegt að búast við frjórri umræðu um mikilvæg atriði tengd efnisinnihaldi frumvarpsins. Þess í stað einkenndist umræðan um afar veigalitla nauðsynlega breytingu á embætti ríkislögreglustjóra, þ.e. stofnun greiningardeildar. Nánast ekkert var rætt um mikilvægustu atriði frumvarpsins svo sem eflingu sérfræðiþekkingar rannsóknardeilda og bætta löggæslu í heild sinni. Var það sorglegt að fylgjast með nokkrum þingmönnum lýsa andúð sinni á einstökum embættismönnum í stað þess að hafa kynnt sér innihald frumvarpsins og ræða af fagmennsku um hugsanlega æskilegar breytingar á frumvarpinu með hagsmuni bættrar löggæslu að sjónarmiði.

*Hefðu borgarar landsins viljað óvopnaða lögreglu þegar skotið var á íbúa við friðsæla götu í Hafnarfirði fyrir nokkrum vikum?*



# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

## Reykjavík

365 Prentmiðlar ehf.
Skaftahlíð 24
Air care Icelandic-Erker Íslandi
Skeiðarvogi 37
Allar lagnir ehf
Æsufelli 5
Arkinn ehf, ráðgjöf og hönnun
Langholtsvegi 111
Austursel ehf.
Höfðabakka 9
ÁF-hús ehf.
Stórhöfða 33
Barnalæknaþjónustan ehf.
Egilsgötu 3 Domus Med
BGI málarar
Brekkubæ 17
Bifreiðabyggingar sf.
Tangarhöfða 5
Bifreiðastjórafélagið Frami
Fellsmúla 24-26
Bílaleigan AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bílfang ehf
Malarhöfða 2
Björgun ehf.
Sævarhöfða 33
Borgarlagnir ehf
Gylfaflöt 24-30
Brú Verktakar ehf
Bleikjukvísl 13
Cyrus ehf.
Grandavegi 45
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
Arnarhvoll
DS lausnir ehf
Súðarvogi 7
Dynjandi ehf.
Skeifunni 3h
Dýraverndarsamband Íslands
Fjölnisvegi 16
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Klettagörðum 11
Efnalaugin Úðafoss sf.
Vitastíg 13
ERF ehf
Rauðagerði 39
Farmur ehf. Flutningaþjónusta
Flúðaseli 65
Fasteignafélagið Stoðir hf.
Kringlunni 8-12
Faxaflóahafnir
Tryggvagötu 17
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fjölgreiðslumiðlun hf
Mörkinni 1
Fraktlausnir ehf.
Skútuvogi 12e
Frumkönnun ehf
Hæðargarði 14
G. Gunnarsson ehf, byggingafélag
Miðtúni 72
Gagnaeyðing ehf.
Skútuvogi 13
Gallerí Fold
Rauðarárstíg 14
Gamlhús ehf.
Höfðabakka 9
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Grant Thornton endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Grásteinn ehf.
Fornhaga 22
Happahúsið
Kringlunni 4-12
Harley Davidson Íslandi ehf.
Grensásvegi 16
Héraðsdómur Reykjavíkur
Dómshúsinu v/ Lækjartorg
Hilmar Ingimundarsson hrl
Austurstræti 10a box 19
Hjá Helga ehf
Krókhálsi 10
Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 3
Hótel Vík
Síðumúla 19
Hrafnista D.A.S.
Laugarási
Húsasmiðurinn ehf.
Hyrjarhöfða 6
IB/Nýja Bílahöllin ehf
Eirhöfða 11
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Lágmúla 9, 2.hæð
Internet á Íslandi hf. - ISNIC
Dunhaga 5
Ísbúðin Álfheimum ehf
Fákafeni 9
Íslandspóstur hf.- markaðs-og kynningadeild
Stórhöfða 29
J. Eiríksson ehf.
Tangarhöfða 5
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
Körfuberg ehf.
Holtaseli 20
Listasafnið Hótel Holt ehf.
Bergstaðastræti 37
Ljósvirki ehf
Tunguhálsi 7
Loftlínur ehf, jarðverktaki
Rauðhömrum 8
Lögreglustjórinn í Reykjavík
Hverfisgötu 113
Markaðsnefnd Mjólkuriðnaðarins
Bitruhálsi 2
Málarakompaníið ehf
Fornastekk 3
MEST ehf
Malarhöfða 10
MS Reykjavík
Bitruhálsi 1
Múr- og málningarþjónustan Höfn ehf.
Réttarhálsi 2
Nesradíó ehf.
Síðumúla 19
Nítró
Bíldshöfða 9
Nýi ökuskólinn ehf.
Klettagörðum 11
Orkuvirki ehf
Tunguhálsi 3
Pizza Rizzo pizzeria
Hraunbæ 121
Poulsen ehf.
Skeifan 2
Pústþjónustan Ás ehf
Nóatúni 2
Rafiðnaðarskólinn ehf
Skeifunni 11b
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði
Hofsvallagötu 53
RHB ehf
Sólheimum 23
Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21
RPC ehf
Naustabryggju 2
Securitas hf
Síðumúla 23
Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
Símaþjónustan ehf.
Brautarholti 2
Söluturninn Aðalhornið
Barónstíg 27
Themis ehf, lögmannsstofa
Pósthússtræti 7
Tollstjórinn í Reykjavík
Tryggvagötu 19 box 5029
Túrbó ehf.
Lynghálsi 12
Urð og Grjót
Vesturási 58
Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
Vaka hf.
Eldshöfða 6
Veiðihúsið Sakka ehf.
Hólmaslóð 4
Veitingahúsið Hornið
Hafnarstræti 15
Vélar og verkfæri ehf.
Skútuvogi 1c
Vélaver hf.
Krókhálsi 16
Viðlagatrygging Íslands
Laugavegi 162
Heyrnartækni ehf
Álfheimum 74
Krónos ehf.
Laugavegi 26
Vatnasport.is
Grænlandsleið 15
Þórtak ehf.
Brúnastöðum 73
Öryggismiðstöð Íslands hf.
Borgartúni 31

## Seltjarnarnes

Auðunn og Hafsteinn ehf.
Sævargörðum 4
Bæjarins bezta ehf
Bollagörðum 11

## Kópavogur

Aalborg Portland á Íslandi hf.
Bæjarlind 4
AFA JCDecaux Ísland
Vesturvör 30b
Arnarverk ehf
Kórsölum 5
Áferð ehf.
Blásölum 10
Átak ehf.- bílaleiga
Smiðjuvegi 1
B.T. Bílaréttingar og sprautun
Skemmuvegi 44m
Baader Ísland ehf.
Hafnarbraut 25
Barkasuða Guðmundar ehf.
Vesturvör 27
Bifreiðastillingin ehf.
Smiðjuvegi 40d rauð gata
Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar
Smiðjuvegi 40 rauð gata
Bifreiðaverkstæðið Toppur
Skemmuvegi 34 Bleik gata
Bílaleigan Víkingur
Furuhjalla 10
Bílaverkstæði Bubba sf.
Skemmuvegi 18blá
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf.
Smiðjuvegi 48 rauð
Bílaverkstæðið Skúffan ehf
Smiðjuvegi 11e, græn
Bíljöfur ehf.
Smiðjuvegi 34
Bílstál ehf
Askalind 3
Bílvogur ehf.
Auðbrekku 17
Blikkás - Funi ehf.
Skemmuvegi 36 blei
Blikksmiðja Einars ehf.
Smiðjuvegi 4b græn gata
Borgarvirki ehf.
Hjallabrekku 22
Cargo sendibílaleiga sf
Skemmuvegi 32, bleik gata
DATEK-ÍSLAND ehf.
Smiðjuvegi 50
DK Hugbúnaður
Hlíðasmára 17
Egill Vilhjálmsson ehf.
Bröttutungu 9
EÞM ehf
Víðihvammi 9
Fasteignamiðstöðin-Hús og hýbýli ehf.
Hlíðasmára 17
Goldfinger
Smiðjuvegi 14
Guðbjörg X
Hlíðasmára 15
Hafið - Fiskiprinsinn
Hlíðasmára 8
Hagblikk ehf.
Smiðjuvegi 4c box 281
Hemill
Skemmuvegi 12 blá
High and mighty
Hlíðasmára 13
Innviðir -Valdberg ehf.
Smiðjuvegi 36
Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
Íslenskir undirverktakar ehf
Álfhólsvegi 29
Jarðkraftur ehf.
Akralind 2
Jarðvélar ehf
Bakkabraut 14
Jón og Salvar ehf
Dalvegi 26
Kambanes ehf
Hlíðarsmára 9
KB ráðgjöf
Hlíðasmára 17
Klæðning ehf.
Bæjarlind 4
Koltur ehf
Smiðjuvegi 6
Kynnisferðir
Vesturvör 6
Köfunarþjónusta Árna Kópssonar
Bryggjuvör 1
Landvélar ehf.
Smiðjuvegi 66 rauð
Lyfja hf.
Bæjarlind 2
OMX á Íslandi ehf
Hlíðasmára 12
Partasalan
Skemmuvegi 32 bleik gata
Pétur Stefánsson ehf
Dalvegi 26
Protak ehf.
Askalind 6
Radio-Raf
Smiðjuvegi 52
Rafvirkni ehf.
Fjallalind 137
Reykofninn hf.
Skemmuvegi 14 blei
Reynir bakari ehf.
Dalvegi 4
Réttir bílar ehf
Vesturvör 24
Ryðvörn og bón ehf.
Smiðjuvegi 68
S.M. verktakar sf.
Skemmuvegi 12
Sala-grill
Rjúpnasölum 1
Sérverk ehf.
Akralind 6
Slitlag ehf.
Blikahjalla 13
Steinsmiðjan S. Helgason ehf.
Skemmuvegi 48, brún gata
Stigalagerinn ehf.
Dalbrekku 26
Stimpill ehf
Akralind 9
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Dalvegi 18
TM-Software hf.
Holtasmára 1
Tölvuvirkni ehf.
Hlíðasmára 13
Uppdæling ehf.
Bakkabraut 2
Verkfræðistofa
Snorra Ingimarssonar ehf.
Hamraborg 11
Verktakar Magni ehf.
Hæðarsmára 6
Vélaleiga Auberts
Hlíðarhjalli 7
Vélsmiðjan Hamar
Hafnarbraut 13
Vídd ehf.
Bæjarlind 4
www.mannval.is
Pósthólf 484
Þyrluþjónustan ehf.
Hlíðarvegi 3

## Garðabær

10-11/Hraðkaup
Lyngási 17
Ásgeir Einarsson ehf.
Garðaflöt 37
Dráttarbílar
Skeiðarási 4
Dýralækningar ehf.
Lyngási 18

Fjórða dæmið er umfjöllun um löggæslu við virkjunarsvæði Kárahnjúka. Fjölmargir lýstu andúð sinni á aðgerðum lögreglu þar sem hún reyndi að koma í veg fyrir að mótmælendur trufluðu vinnu við virkjunina. Fyrir liggur að virkjun þessi hefur verið samþykkt af viðeigandi stjórnvöldum og ljóst að vinnustöðvun í svo stóru verkefni felur í sér gríðarlega mikið fjárhagslegt tjón í formi dagsekta og fleira. Það er verkefni lögreglu að halda uppi lögum og reglu í landinu og m.a. að koma í veg fyrir sóun fjármuna. Ólíklegt þykir greinarhöfundi að borgarar landsins hefðu ekki gert athugasemdir við að vinna við annars konar framkvæmdir yrði með ólögmætum hætti stöðvuð annars staðar á landinu. Hefðu landsmenn sætt sig við að fámennur hópur mótmælenda hefði reynt að koma í veg fyrir breikkun Reykjanesbrautar án þess að lögregla hefði haft afskipti af slíku framferði?

Fimmta dæmið er umfjöllun um svokallað Baugsmál. Ekki er tekin afstaða til sektar eða sýknu þeirra aðila sem þar eru ákærðir. Hins vegar er spaugilegt að sjá að í ákveðnum tilvikum hefur meginahersla verið lögð á að sá aðili sem upphaflega lagði fram kæru á hendur meðákærðu skuli ekki tekinn trúanlegur vegna þess að hann hafi borið þungan hug til ákærðu og því hefði lögregla einfaldlega, þegar við upphaf máls, átt að leiða hjá sér allar upplýsingar frá viðkomandi. Setjum fram raunhæft dæmi. Ef maður yrði fyrir líkamsárás er ljóst að sá hinn sami myndi leggja fram kæru vegna verknaðarins, ekki vegna þess að hann bæri sérstaklega ljúfan hug til brotamanns heldur einfaldlega vegna þess að hann vildi koma því til leiðar að hann tæki afleiðingum gjörða sinna. Þá er það ólíklegt að það eitt að honum væri ekki vel við gerandann myndi draga úr trúverðugleika hans sem vitnis. Annað atriði í umfjöllun um Baugsmálið er jafnframt sláandi. Í stórum hluta þeirrar umfjöllunar sem átt hefur sér stað velta menn fyrir sér orðalagi, formgöllum og hugarástandi hlutaðeigandi í stað þess að reyna að gera sér grein fyrir því hvort hinir ákærðu séu í raun sekir eða saklausir.

Af ofangreindu er ljóst að mikilvægt er að málefni lögreglu séu rædd á vitrænan hátt enda erfitt að koma nauðsynlegum breytingum fram þegar umræður fara á svo lágt plan sem raunin hefur orðið.

**Páll E. Winkel, framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna**

*Það er verkefni lögreglu að halda uppi lögum og reglu í landinu og m.a. að koma í veg fyrir sóun fjármuna.*

actavis hagur í heilsu
aktu taktu
American Style
ARK Öryggiskerfi
Arkó Veiðivörur
Áfengi fylgir ábyrgð
Bakarameistarinn
Dælur ehf.
Flügger litir
Frjálsi Fjárfestingarbankinn
Hitaveita Suðurnesja
IKEA
icepak
ÍSTAK
LANDSNET



*Ferðalangar*



*Kirkjan í Odda á Rangárvöllum heimsótt*



*Jóhannes Sturla og Þorgrímur*



*Kvöldverður snæddur í Hestheimum. Húsfreyjan skenkir kaffi*

# Sumarferð *lífeyrisþegadeildar LL*

## *Sumarferð lífeyrisþegadeildar LL var farin 11. júlí sl. og var nú ekinn góður hringur um Suðurlandsundirlendið*



*Hjalti Sigurðsson f.v. lögreglumaður á Keflavíkurflugvelli fór með skemmtilegar vísur er hann hafði samið.*

Það voru 65 ferðalangar sem lögðu af stað frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu en nú brugðust veðurguðirnir okkur því í upphafi ferðar var talsverð rigning og rok en ekki var það látið hefta för. Ekin var Nesjavallaleiðin að Þingvöllum og dáðst að fallegu umhverfinu á Hengilssvæðinu og meðfram Þingvallavatni sem við hefðum eðlilega notið betur ef veðrið hefði verið betra en ekki þýðir að tala um það. Eftir stutta viðdvöl á Þingvöllum var farið yfir Lyngdalsheiðina að Laugarvatni og Geysi og réttu ferðalangar úr sér þar. Þegar þar var komið höfðum við útsýni yfir Suðurlandið og upp á hálendið þar sem fyrirheit um hádegishressingu var staðsett. Áfram var haldið um Brúarhlöð og niður Hrunamannahrepp og síðan upp Gnúpverjahrepp og Þjórsárdal og stefnan sett á Hálendismiðstöðina við Hrauneyjar. Á þessari leið var sæmilega bjart yfir en talsvert hvasst svo bílstjórinn þurfti að aka mjög varlega. Er komið var að miðstöðinni voru fjórir sýslumenn staddir þar í hlaði í fullum skrúða og heilsuðu þeir upp á mannskapinn. Hér var boðið upp á súpu, brauð og kaffi. Ýmsar vangaveltur urðu um súpuna en hvað um það, ferðalangar voru hressir er haldið var til baka niður Landssveitina og stefnan tekin að Odda þar sem stoppað var og kirkjan skoðuð. Eftir hring um Fljótshlíðina var haldið að Hestheimum í Ásahreppi en þar beið okkar hlaðið borð af frábærum mat í mjög notalegu



*Allur hópurinn saman kominn við Hálendismiðstöðina í Hrauneyjum*

umhverfi. Hjónin í Hestheimum, þau Ásta Begga og Gísli, kunna virkilega að taka vel á móti fólki og sem dæmi sungu þau tvo dúetta fyrir okkur með glæsibrag sem gerði stundina enn eftirminnilegri.
Þegar haldið var heim á leið hafði veður lægt og meira að segja var full þörf á notkun sólgleraugna.
Leiðsögumaður í ferðinni var félagi okkar Þórunn Lárusdóttir sem áður hefur lagt okkur lið í ferðum deildarinnar og fórst henni það mjög vel úr hendi og eru henni færðar sérstakar þakkir. Það er ómetanlegt í svona ferðum að hafa góðan leiðsögumann sem miðlar af þekkingu sinni og slær á létta strengi.
Það var brosleitur hópur sem kvaddi við lögreglustöðina um kl. 20:30 um kvöldið.

**Stefanía Vigfúsdóttir**

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Eðalvagnaþjónustan ehf.
Hegranesi 23
Hafnasandur hf.
Birkiás 36
Léttflutningar ehf
Suðurhrauni 2
Rásin sf.
Hegranesi 21
Ris ehf
Skeiðarási 12
Tækni - Stál ehf
Suðurhrauni 2
Verktakafélagið Glaumur ehf
Birkihæð 5
VGI ehf
Austurhrauni 7
Vistor hf.
Hörgatúni 2
Würth á Íslandi hf.
Vesturhrauni 5

## Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf.
Hvaleyrarbraut 37
Ás - fasteignasala ehf.
Fjarðargötu 17
Bifreiðaverkstæðið Bifröst
Melabraut 24
Bílaleigan Atlas Europcar
Hjallahrauni 9
Bókhaldsstofa Vals
Dalshrauni 14
Bónusvideo ehf
Lækjargötu 2
Eiríkur og Einar Valur hf.
Breiðvangur 4
Feðgar ehf. - Byggingaverktakar
Brekkutröð 1
Fínpússning ehf.
Rauðhellu 13
Fjarðargrjót ehf
Furuhlíð 4
Fjarðarkaup ehf.
Hólshrauni 1
Flói ehf.
Fjóluhvammi 6
Fura ehf.
Hringhellu 3 box 491
G. P. Kranar ehf
Skútahrauni 2a
Hafdal hf.
Hvaleyrarbraut 2
Héraðsdómur Reykjaness
Fjarðargötu 9
Hópbílar hf.
Melabraut 18
Hvalur hf.
Reykjav.veg 48 Box 233
Íslandsprent ehf
Steinhellu 10
Ís-rör ehf.
Lækjarhvammi 9
KM Byggingar
Miðvangi 41
Kvikmyndahúsið ehf.
Trönuhrauni 1
Lipurð ehf.
Hjallahrauni 4
Lögmenn Hafnarfirði ehf.
Reykjavíkurvegi 60
Námsflokkar Hafnarfjarðar-Miðstöð
Símenntunnar
Brekkugötu 2
Nýsir hf.
Flatahrauni 5
Oddur bakari ehf
Furuvöllum 12
Rafhitun ehf.
Kaplahrauni 7a
Raf-x ehf.
Hvaleyrarbr.29 Box 416
Reebok Ísland ehf
Drangahrauni 4
Steinsteypusögun ehf.
Stapahrauni 6
Suzuki umboðið ehf
Kaplahrauni 1
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Bæjarhrauni 18
Trébygg, Sigfús Rúnar Eiríksson
- Húsasmiður, www.trebygg.is
Bæjarholti 1
Trégaur ehf.
Suðurgötu 31
Útfararþjónusta Hafnarfjarðar
Stapahrauni 5
Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.
Melabraut 23
Viking björgunarbúnaður
Hvaleyrarbraut 27

## Vogar

Nesbú
Vatnsleysuströnd

## Keflavík

A. Óskarsson ehf.
Heiðargerði 8
Bónkó
Grófinni 8
Brunavarnir Suðurnesja
Hringbraut 125
Efnalaug Suðurnesja
- BK hreinsun ehf.
Iðavöllum 11b
Efnalaugin Vík
Hafnargötu 30
Fasteignasalan Stuðlaberg ehf.
Hafnargötu 29
Frístund
Faxabraut 27
H.H. veitingar
Tjarnargötu 2
Húsagerðin ehf.
Hólmgarði 2c
Húsanes ehf.
Hafnargötu 20
Ice Bike
Iðavöllum 10
Langbest
Hafnargötu 62
Lögfræðistofa Suðurnesja ehf.
Hafnargötu 51-55
Matvöruverslunin Hólmgarður
Hólmgarði 2
Málverk sf.
Skólavegi 36
Nesbyggð ehf
Hafnargötu 51
Nesprýði ehf
Vesturbraut 10-12
OSN lagnir ehf.
Iðavöllum 4b
Pizza 67 - Keflavík
Hafnargötu 30
Plastgerð Suðurnesja ehf.
Framnesvegi 21
Pústþjónusta Bjarkars
Hrannargötu 3, Box 76
RV ráðgjöf
Efstaleiti 75
Skipting ehf.
Grófinni 19
Smíðafélagið ehf
Grófinni 15
Smurstöð og hjólbarðaþjónusta Björns
og Þórðar
Vatnsnesvegi 16
Sólbaðs- og þrekmiðstöðin Perlan
Vesturgata 21
Sparisjóðurinn í Keflavík
Tjarnargötu 12
Sýslumaðurinn í Keflavík
Vatnsnesvegi 33
Traffic, sportbar
Hafnargötu 30
Trésmíðaverkstæði Stefáns og Ara sf.
Brekkustíg 38
Tölvuþjónusta Vals
Hringbraut 92
Útfararþjónusta Suðurnesja
Vesturbraut 8
Varmamót ehf.
Framnesvegi 19
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.
Víkurbraut 13
Verktakasambandið ehf
Grófinni 9-11
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vatnsnesvegi 14
Viðar Jónsson ehf.
Heiðarhorni 16
Vísir félag skipstjórnarmanna
á Suðurnesjum
Hafnargötu 90

## Keflavíkurflugvöllur

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli
Suðurflug ehf.
Keflavíkurflugvelli
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Grænási

## Grindavík

E.P. verk ehf.
Vörðusundi 5
Martak ehf.
Hafnargötu 21
Sjómanna- og vélstjórafélag
Grindavíkur
Hafnargötu 9
Stakkavík ehf.
Bakkalág 15b
Veitingahúsið Brim
Víkurbraut 29
Þorbjörn Fiskanes hf.
Hafnargötu 12

## Sandgerði

Málningarvinna Carls ehf
Víkurbraut 9b
Nesmúr sf
Holtsgötu 26

## Garður

Raflagnavinnustofa
Sigurðar Ingvarssonar
Heiðartúni 2
Raftýran sf.
Lyngbraut 1

## Njarðvík

Bílahúsið.is - I.H. söluumboð
Holtsgötiu 52
Bílar og hjól ehf
Njarðarbraut 11d
Nýtt hús ehf
Seylubraut 1
R.H.innréttingar ehf.
Stapabraut 1
Radióvík ehf.
Brekkustíg 14
Renniverkstæði Jens Tómassonar ehf.
Fitjabakka 1c
Stapinn
Njarðvík
Toyota salurinn - Njarðvík
Njarðarbraut 19

## Mosfellsbær

Afltak ehf
Völuteigi 1
Burkney ehf
Klapparhlíð 16
Girðir ehf.
Njarðarholti 1
Gunnar og Kjartan ehf.
Bjargartanga 16
Hjólbarðaverkstæðið Bæjardekk ehf.
Langatanga 1a
Pizzabær ehf.
Kjarna, Þverholti 2
Skandall ehf
Súluhöfða 4

## Akranes

Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Dalbraut 6
Bílaröst ehf.
Kalmansvöllum 3
Cafe Mörk
Skólabraut 14a
Tölvuþjónusta-verslun
Esjubraut 49
Glugga og Glerhöllin
Ægisbraut 30
GT tækni ehf
Grundartanga
Runólfur Hallfreðsson ehf.
Krókatúni 9
Skagaverk ehf.
Skarðsbraut 11
Slippfélagið Litaland
Þjóðbraut 1
Smellinn hf.
Höfðaseli 2
Smurstöðin Akranesi sf.
Smiðjuvöllum 2
Sýslumaðurinn á Akranesi
Stillholti 16-18
Verkalýðsfélag Akraness
Sunnubraut 13
Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf.
Smiðjuvöllum 6

## Borgarnes

Bílasala Vesturlands sf.
Sólbakka 2
Borgarverk ehf.
Sólbakka 17-19
JG vélar sf
Kveldúlfsgötu 18
Loftorka Borgarnesi ehf.
Engjaási 2-8
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf.
Borgarbraut 61
Sparisjóður Mýrasýslu
Digranesgötu 2
Tak-Malbik ehf
Engjaási 1
Velverk ehf
Ásbrún Kolbeinsstaðahrepp
Völundur Sigurbjörnsson
Kvíaholti 12

## Stykkishólmur

Bifreiðaverkstæðið Ásmegin hf.
Reitarvegi 3
Þ.B. Borg - steypustöð ehf
Silfurgötu 36

## Grundarfjörður

Góð mál ehf.
Grundargötu 18
Ragnar og Ásgeir ehf.
Sólvöllum 7
Sægarpur ehf
Sæbóli 34

## Ólafsvík

Gjálfur ehf
Túnbrekku 2
Grímsi ehf.
Hjallabrekku 5

## Hellissandur

Skarðsvík hf
Munaðarhóli 10
Snævélar ehf
Laufási 1

## Búðardalur

Sýslumaðurinn í Búðardal
Miðbraut 11
Kolur hf.
Reykhólum

## Ísafjörður

Bílaverkstæði Ísafjarðar ehf.
Sindragötu 3
Brattur ehf
Góuholti 8
Félag opinberra starfsmanna á Vest-
fjörðum
Hafnarstræti 6
Héraðsdómur Vestfjarða
Hafnarstræti 1
KNH ehf.
Grænagarði
Orkubú Vestfjarða
Stakkanesi 1



# Í námi á æfingasvæði lögreglunnar í Sedgley Park

*Kristján Ingi Kristjánsson og Þórir Ingvarsson, voru sendir utan til náms í Sedgley Park á Stór-Manchestersvæðinu dagana 7. – 28. júlí 2006.*

**Forsaga námsferðar**

Síðustu fjögur árin hefur skýrslutökum í héraðsdómi af brotaþolum í kynferðisbrotamálum fjölgað verulega. Það hefur orðið hlutskipti sérhæfðra lögreglumanna að taka þessar skýrslur fyrir dómarana, sérstaklega í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Dómstólunum er yfirleitt ekki ætlað að koma að málum sem eru til meðferðar hjá lögreglu á rannsóknarstigi. Frá þessari meginreglu eru þó undantekningar sem meðal annars eru til komnar vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um meðferð opinberra mála á árinu 1999. Samkvæmt þeim er lögreglu skylt við rannsókn á meintu kynferðisbroti að leita til dómara með beiðni um að skýrsla verði tekin af brotaþola ef hann er yngri en 18 ára þegar rannsókn málsins hefst. Börn þurfa því að gefa skýrslu fyrir dómi á rannsóknarstigi þegar þau eru brotaþolar í málum sem sæta rannsókn hjá lögreglu sem kynferðisbrotamál. Tilgangurinn með þessu er aðallega sá að börnum, sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, verði hlíft við því, eftir því sem kostur er, að þurfa að gefa skýrslu í opinberu máli oftar en einu sinni (Sigríður Ingvarsdóttir, 2006).

Nokkrar umræður hafa átt sér stað um hvort lögreglumenn eða sérhæfðir starfsmenn Barnahúss ættu að annast þessar skýrslutökur. Á það hefur verið bent að lögreglumenn fái ekki sérstaka þjálfun við að taka skýrslur af börnum.

Þetta varð til þess að við, Kristján Ingi Kristjánsson og Þórir Ingvarsson, vorum beðnir um að leita að viðeigandi námskeiði. Við höfðum því samband við breska sendiráðið á Íslandi en starfsmenn þar aðstoðuðu okkur við að finna námskeiðið *„Vulnerable & Intimidated Witness Video Interview Course.“* Til að gera langa sögu stutta fórum við til náms á æfingasvæði lögreglunnar í Sedgley Park á Stór-Manchestersvæðinu dagana 7. – 28. júlí 2006.

Við kunnum Böðvari Bragasyni lögreglustjóra og Herði Jóhannessyni yfirlögregluþjóni miklar þakkir fyrir að gera okkur kleift að sækja þetta nám til Manchester, sem haldið var í Sedgley Park.

**Saga Sedgley Park Centre**

Árin 1850 – 1860 var Sedgley-húsið byggt en um var að ræða herragarð í eigu William Pearson en hann bjó þar ásamt Önnu, eiginkonu sinni, sex dætrum,



níu frændsystkinum og barnabarni. Fjölskyldan bjó þar þangað til William Pearson dó árið 1872. Næsti eigandi herragarðsins var gríski viðskiptajöfurinn Themistocles Petrocokino en hann lét breyta innviðum hússins verulega. Nunnureglan Nuns of the Faithful Companions of Jesus keypti herragarðinn í kjölfar dauða Themistocles Petrocokino árið 1903. Þær stofnuðu framhaldsskóla fyrir ungar stúlkur. Nefna má að árið 1906 voru 88 stúlkur í skólanum. Skólasvæðið stækkaði smám saman og fleiri byggingar bættust við.

Um 1970 fækkaði nemum í skólanum. Það varð til þess að lögreglan á Stór-Manchestersvæðinu fór að samnýta húsnæðið og svæðið með nunnunum. Væntanlega hefur það vakið furðu margra enda sjaldgæft að sjá nunnur og lögreglumenn samnýta aðstöðu.

Árið 1979 tók lögreglan á Stór-Manchestersvæðinu yfir allt Sedgley-svæðið þegar stúlknaskóli nunnureglunnar lagðist af. Húsnæðið og svæðið er í dag nýtt til náms og þjálfunar fyrir lögreglumenn.

**Námskeiðslýsing**

Námið beindist að því hvernig yfirheyra eigi börn, fólk sem á við ýmiss konar fötlun eða veikindi að stríða og fólk sem þjáist af hræðslu af einhverjum orsökum. Nánar tiltekið mætti nefna:

- Börn undir 17 ára aldri
- Fólk sem á við geðræn vandamál að stríða
- Fólk sem á við greindarskort að stríða
- Þroskaheft fólk
- Fólk sem skortir félagslega færni
- Fólk sem á við líkamlega fötlun að stríða
- Fólk sem stríðir við veikindi
- Fólk með elliglöp
- Fólk sem þjáist af hræðslu við gerendur
- Fólk sem hefur verið ógnað eða hótað o.fl.

Námið beindist jafnframt að yfirheyrslu lykilvitna. Lykilvitni eru þau vitni sem orðið hafa sjónarvottar að afbroti, hafa orðið vitni að atburðum á annan hátt eða búa yfir mikilli vitneskju um afbrot.

**Uppbygging námsins**

Á námskeiðinu voru átta nemar en um þá sáu þrír kennarar. Auk kennaranna kom fjöldi gestafyrirlesara að því. Fjöldi nema var ekki meiri en svo að hægt yrði að fylgja hverjum og einum nema í gegnum verklegar æfingar. Nemendunum var skipt upp í tvo hópa í verklegum æfingum. Námið skiptist í fyrirlestra og verklegar æfingar. Þreyta þurfti tvö próf meðan á námstíma stóð, en síðar í greininni er skýrt frá prófunum.

**Próf**

Við þurftum að þreyta tvö próf í yfirheyrslum meðan á dvöl okkar í Manchester stóð. Fyrra prófið sneri að yfirheyrslu á barni en seinna prófið að einstaklingi sem óttaðist hefndaraðgerðir af hálfu þeirra sem brutu gegn honum, auk þess sem hann þjáðist af áfallastreitu. Atvinnuleikarar fóru með hlutverk vitna og fórnarlamba í prófinu. Prófin fóru fram í sérútbúnum yfirheyrsluherbergjum. Prófdómarar fylgdust með yfirheyrslunum af sjónvarpsskjá í öðru herbergi.

**Fyrra próf**

Í fyrra prófi fékk Kristján Ingi eftirfarandi upplýsingar, deginum áður en hann þreytti prófið:

**„Óskað hefur verið eftir því að þú yfirheyrir Danny, sem er 12 ára gamall. Hann varð fórnarlamb líkamsárásar í gær. Árásarmaðurinn er föðurbróðir Danny. Danny fór á slysadeild í gærkveldi og í ljós kom að hann var rifbeinsbrotinn, talsvert marinn og nef hans var stokkbólgið.“**

**Aðrar upplýsingar**
Sharon, móðir Danny, er 33 ára gömul. Faðir Danny dó fyrir tveimur árum. Bróðir Danny er Joseph, sem er 10 ára gamall. Danny hefur áhuga á tölvuleikjum og knattspyrnu. Hann er ekki hrifinn af stelpum, tiltekt og heimavinnu. Hann á hund sem kallaður er Lucky. Besti vinur hans er bekkjarfélagi hans, Harry. Danny er í grunnskóla. Hann nýtur þess að vera í skóla. Hann hefur þó meiri áhuga á íþróttum en námi. Athyglisgáfa hans er undir meðallagi og hann á erfitt með að einbeita sér. Hann á auðvelt með að tjá sig en er nokkuð tregur til viðræðna. Skv. málaskrá félagsþjónustunnar og lögreglunnar hefur hann verið handsamaður einu sinni fyrir skemmdarverk á símaklefa. Hann er þessa stundina mjög þögull og dulur. Hann mun koma með móður sinni á lögreglustöðina.

Árangur skýrslutökunnar var metinn út frá eftirtöldum þáttum:

**I. Undirbúningur skýrslutöku**
- Athugað hvort ástand tækjabúnaðar og yfirheyrsluherbergis sé viðunandi.
- Val á viðeigandi hjálpargögnum, spurningum og málfari til að ná samræðustigi.
- Vitund um hvort brot hafi átt sér stað eða ekki.
- Grafist fyrir um það hver fylgi barni í yfirheyrslu.
- Fram komi hver sjái um yfirheyrsluna.
- Aðgangur að opinberum úrræðum til að leysa úr þörfum vitnis eða forráðamanna
- Aðalatriði máls.
- Vitneskja um aldur og þroska vitnis.

**II. Kynning á réttarfarsákvæðum o.fl.**
- Staðsetning, dagsetning og tími upphafs yfirheyrslu tekinn fram.
- Vitni fengið til að kynna sig með nafni og fæðingardegi.
- Yfirheyrandi kynnir sig.
- Tækjabúnaður kynntur.
- Hlutverk annarra sem viðstaddir eru yfirheyrslu kynnt (aðstoðamaður yfirheyranda, barnaverndarstarfsmaður o.fl.).
- Grunnreglur skýrðar.
- Ef þú veist ekki svarið, segðu þá: „Ég veit ekki svarið.“
- Ef þú skilur mig ekki, láttu þá vita og ég reyni að umorða það sem ég sagði.
- Ef þú manst ekki eitthvað, segðu þá: „Ég man það ekki.“ Ekki geta inn í eyðurnar.
- Útskýringar gefnar á því af hverju yfirheyrandi taki niður punkta á blað meðan á viðtali stendur.
- Vitni upplýst um hvar forráðamaður sé staddur og að það geti nálgast hann.
- Ástæða viðtals útskýrð fyrir vitni með viðeigandi hætti.
- Grein gerð fyrir muninum á réttu og röngu.
- Tengsl milli yfirheyranda og vitnis.

**III. Frjáls frásögn/framburður**
- Viðbrögð yfirheyranda við áhyggjum vitnis.
- Viðeigandi skýringar yfirheyranda á aðalatriðum máls.
- Vitni leyft að tala án truflunar.
- Þolinmæði yfirheyranda.
- Virk hlustun og stuðningur.
- Notkun á almennum og opnum spurningum.

**IV. Spurningar**
- Nálgun upplýsinga með opnum spurningum og með því að þrengja þær niður með sérstökum spurningum.
- Komist hjá leiðandi spurningum.
- Spurningar notaðar til að fá sem gleggstar upplýsingar.
- Útskýringar fengnar á orðum vitnis um ýmsa líkamshluta.
- Ástæða fengin fyrir notkun vitnis á ókurteisum orðum.
- Aðgætni í tali og tónhæð.
- Komist hjá að nota upplýsingar sem borist hafa annars staðar frá.

**Lok yfirheyrslu**
- Vitni gefið tækifæri til að spyrja spurninga og bæta við.
- Vitni þakkað fyrir komuna.
- Komist að líðan vitnis eftir viðtal.
- Framhald málsins útskýrt fyrir vitni.
- Vitni gefnar upplýsingar um hvernig það geti náð sambandi við yfirheyranda aftur.
- Forðast að gefa vitni loforð sem ekki er hægt að standa við.
- Spjallað við vitni um daginn og veginn.
- Sagt á hvaða tíma viðtali lýkur.

Niðurstaða prófsins réðst af 40 framangreindum atriðum. Eftir prófið ræddi prófdómari við þann leikara sem lék hlutverkið. Að því loknu fundaði nemandi með prófdómara. Þar fékk hann að vita hvað hefði verið vel gert og hvað hefði mátt fara betur. Loks var honum tjáð hvort hann. hefði náð. Rétt er að geta þess að prófið var nokkuð þungt og nokkuð fall var á námskeiðinu.

**Seinna próf**
Seinna prófið sem tekið var, var heldur þyngra en fyrra prófið, en það snerist um að yfirheyra vitni í stærri sakamálum sem voru þjökuð af hræðslu vegna ógnana eða hótana, áttu erfitt með að tjá sig vegna t.d. aldurs, eða vildu einhverra hluta vegna ekki tjá sig við lögreglu. Kristján Ingi fékk eftirfarandi upplýsingar deginum fyrir próf:

**„Þér hefur verið falið að yfirheyra Harry, sem er 43 ára útibússtjóri í Barclays Banka í Eccles. Honum var rænt og hann fluttur nauðugur í bankann sem hann vinnur í. Í bankanum hurfu umtalsverðar fjárhæðir. Talið er að eiginkona Harry hafi orðið fyrir nauðgun. Enginn hefur verið handtekinn vegna málsins.“**

**Aðrar upplýsingar**
Einu upplýsingarnar sem fengust til viðbótar voru að Harry hefði orðið fyrir verulegu áfalli, hann væri mjög óðamála og hann óttaðist að verða fyrir hefnd afbrotamannanna. Prófið var metið frá eftirtöldum þáttum:

**I. Undirbúningur yfirheyrslu**
Leggja þurfti fram fyrir prófdómara skriflega áætlun um yfirheyrsluna. Þar þurftu að koma fram eftirfarandi atriði og rökstuðningur fyrir þeim:
- Tilfinningalegt ástand vitnis.
- Sálræn áhrif atburðar á vitni.
- Greining afbrota frá lagalegu sjónarmiði.
- Tillaga um aðferðarfræði sem væri rétt að nota við yfirheyrslu.
- Áætlun um hvað yfirheyrslan taki langan tíma, hvort þörf sé á að taka hlé á yfirheyrslunni og hvort fleiri yfirheyrslur á vitninu þurfi að fara fram.
- Greining aðalatriða frá sönnunarlegu sjónarmiði.
- Greining á atriðum sem gætu varnað því að vitni greini frá atburðum.
- Hvaða aðferð sé rétt að nota við yfirheyrslu til að fá vitni til að tjá sig.

**II. Spurningar**
Spurningar yfirheyranda voru metnar frá eftirfarandi þáttum:
- Almennar opnar spurningar notaðar.
- Annað sjónarhorn notað til að ýta við minni yfirheyrða.
- Forðast að nota leiðandi, lokaðar og margar spurningar í einu.
- Spurningar settar fram til að ná fram sem mestum upplýsingum um aðalatriði máls.
- Vitni leyft að segja frá atburðum án truflana.
- Forðast að endurtaka spurningar.
- Forðast að hoppa á milli aðalatriða.
- Vitni fengið til að teikna til að auðvelda framburð.
- Þagnir notaðar á viðeigandi hátt.
- Virk hlustun notuð.
- Glósað niður á viðeigandi hátt.
- Framburður vitnis skýrður á hlutlausan hátt.
- Forðast að nota upplýsingar, sem eru fengnar annars staðar.
- Orð vitnisins notuð og forðast að nota óskýrt mál.
- Spurt um ósamræmi á hlutlausan hátt, án þess að fella dóm.
- Aðalatriði og frásagnir af atburðum dregin saman á viðeigandi hátt.

**III. Frjáls frásögn/framburður**
Horft var til eftirfarandi þátta þegar vitni gaf framburð sinn:
- Framburður fenginn fram með því að vísa til vettvangs eða með opnum spurningum.
- Aðalatriði eða atburður fenginn fram.
- Vitni leyft að tala án truflunar eða frammígripa.

Lok yfirheyrslu
- Haft samband við aðstoðarmann og hann spurður að því hvort eitthvað hafi gleymst.
- Spurningar aðstoðarmanns lagðar fyrir vitni.

- Vitni gefið tækifæri til að spyrja spurninga og bæta við.
- Vitni þakkað fyrir komuna.
- Komist að líðan vitnis eftir viðtal.
- Framhald málsins útskýrt fyrir vitni.
- Vitni gefnar upplýsingar um hvernig það geti náð sambandi við yfirheyrlanda aftur.
- Forðast að gefa vitni loforð sem ekki er hægt að standa við.
- Spjallað við vitni um daginn og veginn.
- Sagt á hvaða tíma viðtali lýkur.

Niðurstaða prófsins réðst af framangreindum atriðum. Þessi yfirheyrsla var mjög krefjandi, enda málið nokkuð flókið og umfangsmikið. Eins og áður byrjaði prófdómari á því að ræða við leikarann strax eftir próf en síðan fundaði hann með nema. Prófdómarinn innti nema eftir áliti hans á yfirheyrslunni. Hann fór svo yfir það sem vel var gert og hvað hefði mátt gera betur. Loks lét hann vita hvort nemi hefði náð prófinu.

**Þroskaraskanir og námsörðugleikar**

Nokkur kennsla fór fram um þroskaraskanir og námsörðugleika, sem geta verið af ýmsum toga. Mikilvægt er að fyrir yfirheyrslu séu upplýsingar til staðar um hvort fólk sé haldið slíkum röskunum, enda verður yfirheyrslan að taka mið af þroskastigi og námsgetu fólks. Eftirfarandi atriði geta gefið vísbendingu um að fólk eigi við þroskaraskanir eða námsörðugleika að stríða:

- Sein eða ruglingsleg viðbrögð við spurningum
- Erfiðleikar við að skilja einfaldar spurningar
- Talörðugleikar
- Lestrar- eða skriftarörðugleikar
- Tíma- eða staðarruglingur
- Örðugleikar við að muna persónuupplýsingar eða atburði

Rétt er að hafa í huga að þetta eru einungis vísbendingar um að fólk geti átt við þroska- eða námsörðugleika að stríða, en ekki óyggjandi vísindi.

Ef undirbúningur yfirheyrslu leiðir þetta í ljós er rétt að fá álit sérfræðinga sem hafa haft viðkomandi einstaklinga til meðferðar. Varast skal að taka fullt mark á foreldrum þessara einstaklinga, en þeim hættir til að gefa kolranga mynd af getu barna sinna.

**Geðheilbrigði og áreiðanleiki**

Nokkur umfjöllun var um geðheilbrigði í náminu, en vandamál tengd geðheilsu eru algeng. Þess má geta að skv. rannsóknum stríðir fjórði hver maður við svo alvarlegan geðsjúkdóm a.m.k. einu sinni á ævinni, að hann þarf að gangast undir meðferð. Geðsjúkdómar geta ýmist verið vægir og varað í stuttan tíma eða jafnvel svo alvarlegir að þeir vara alla ævi, en slíkir sjúkdómar hafa veruleg áhrif á daglegt líf þeirra einstaklinga sem eiga við þá að etja (McAlpine, 2002).

Saga geðsjúkdóma er umvafin hræðslu og misskilningi sem gefur ranga mynd af geðfötluðum einstaklingum. Geðfatlaðir verða oft fyrir mismunun og er jafnvel sýnd andúð. Flestir geðfatlaðir lifa ágætislífi þrátt fyrir þessa ímynd, sem kemur fram í bókum, sjónvarpi og bíómyndum. Allt er þetta undir því komið að þeir fái viðeigandi meðferð og stuðning (McAlpine, 2002).

**Hugræn aðferð við yfirheyrslur**

Hugræn aðferð er sú aðferð sem breska lögreglan hefur ákveðið að beita er tekin eru viðtöl við vitni sem geta talist viðkvæm, hvort sem það er vegna aldurs, líkamlegra eða andlegra aðstæðna þeirra. Aðferðin er tengd hinni svokölluðu Peace-aðferð sem breska lögreglan hefur notað um árabil í viðtölum, bæði við vitni og grunaða og er sniðin að því að fá sem mestan og sem bestan framburð þeirra vitna sem minna mega sín einhverra hluta vegna.

Hugræna aðferðin hefur verið þróuð, eins og fyrr segir, með það í huga að ná sem mestum og bestum framburði frá vitnum/brotaþolum enda er oft um það að ræða að rannsókn mála byggir að mestu eða öllu leyti á munnlegum framburði og er þá gríðarlega mikilvægt að viðtalið sé framkvæmt á réttan hátt, ekki bara til að tryggja innihald framburðarins heldur einnig til þess að tryggja að aðferðin, sem notuð er við að tryggja að framburðurinn þoli nánari skoðun, sé ekki leiðandi eða hlutdræg. Gríðarlega mikið var lagt upp úr einmitt þessu, að nákvæmni í vinnubrögðum auk óhlutdrægni væri eitt af því mikilvægasta sem spyrill hefði yfir að búa enda væri erfitt að sjá málum lokið án sakfellingar einfaldlega vegna þess að ekki hafi mátt sýna viðtal í dómi vegna leiðandi spurninga spyrils.

Hingað til hefur sú aðferð tíðkast í Bretlandi að í upphafi rannsóknar er tekið viðtal við brotaþola, ef við á, t.d. þegar brotaþoli er undir 17 ára aldri og hefur orðið fyrir alvarlegu broti. Viðtal það er tekið upp á myndband og notað við rannsókn málsins en síðan, skv. nýlegri löggjöf, er hægt að nota það, að gefnum ákveðnum forsendum, sem framburð viðkomandi fyrir dómi. Í einhverjum tilvikum dugir þetta þó ekki alveg þar sem einnig þarf að fara fram gagnyfirheyrsla verjanda sem framkvæmd er af dómara en þó oftast með einhverjum sérúrræðum (special measures) svo sem lokaðri vitnastúku, að þinghald sé lokað að hluta, eða með fjarfundabúnaði. Færa má rök fyrir því að breska aðferðin sé framar því sem tíðkast hér á landi en einnig má halda því fram að við höfum skotið þeim ref fyrir rass enda þurfi barnungir brotaþolar einungis einu sinni að koma fyrir dóm á Íslandi.

Hugræna aðferðin byggir á ákveðinni kerfisbundinni aðferð við að ræða við vitni og hefur sú aðferð verið þróuð í takt við þarfir dómskerfisins. Skv. aðferðinni er viðtalinu skipt upp í fimm hluta sem eru:

- Undirbúningur viðtals
- Upphaf viðtals, kynning
- Frjáls frásögn
- Nánari skoðun
- Niðurlag

Gott er að skoða hvern hluta fyrir sig:

1. Undirbúningur viðtals er talinn skipta miklu máli þrátt fyrir að margt sem nefnt er hér sé eflaust eitthvað sem varla þurfi að nefna. Hér er verið að athuga hvort eitthvað sé í lífi barnsins sem e.t.v. þurfi að varast að nefna, sérstaklega í kynningu viðtalsins. T.d. væri óheppilegt að fara að ræða um sundáhuga barnsins í kynningu ef brot gegn því hafi átt sér stað í sundlaug bæjarins. Aðrir þættir sem gætu skipt máli gætu verið: fjölskylduhagir, hvort barnið njóti faglegrar aðstoðar, hvort barnið eigi við einhvers konar andleg eða líkamleg vandamál að stríða, hvort kyn eða kynþáttur spyrils gæti skipt máli, þörf fyrir túlk/millilið, tengsl brotaþola og geranda o.s.frv. Hér er um gríðarlega víðfemt svið að ræða og því erfitt að tæma það en mikilvægt að spyrill sjái að hér geta komið fram hlutir sem geta styrkt samband spyrils og viðmælanda en einnig spillt slíku samband á fyrstu mínútum viðtalsins og því gert spyrli erfitt fyrir.
2. Upphaf viðtals er að sama skapi afskaplega mikilvægt enda er það sá tímapunktur þar sem spyrill og viðmælandi hittast fyrst (oftast). Eins og flestir vita myndum við okkur skoðun á öðru fólki við fyrstu kynni og því mikilvægt að þau takist vel þar sem líklegra er að einstaklingur, sem finnst hann vera afslappaður og líður vel, gefi skýrari og betri framburð. Kynningin er einnig afskaplega mikilvæg fyrir þær sakir að þar gefst spyrjanda tækifæri til að koma skilaboðum áleiðis til viðmælanda síns. Þar myndi spyrill kynna sig, þá sem fylgjast með viðtali, tæknibúnaðinn, ástæðu þess að viðtalið er tekið upp, hvort viðmælandi viti mun á lygi/sannleik (óvíst hvort á við á Íslandi) o.s.frv. Tilgangur þessa hluta er s.s. aðallega sá að hefja viðtalið, bæði með því að kynna spyril, tilgang og fleira en ekki síður til þess að koma á sambandi milli spyrils og viðmælanda sem geri viðmælanda kleift að segja frá því sem gerðist, en eins og allir vita getur það reynst brotaþolum sérstaklega erfitt og því mikilvægt að allt sé gert til að auðvelda þeim frásögnina.
3. Mikið er lagt upp úr þeim kafla þar sem viðmælandi segir sjálfstætt frá atburðum en talið er að þar sé nákvæmasti framburður vitnisins fenginn, sá framburður sem ekki sé litaður af spyrli eða viðtalinu sjálfu, frásögn vitnisins sjálfs af atburðum eins og þeir komu því fyrir sjónir en eins og gefur að skilja er frjáls frásögn vitna afskaplega mismunandi, allt frá því að vera aðeins nokkur orð upp í það að vera meirihluti viðtalsins. Mikið er lagt upp úr því að fá sem lengsta og mesta frjálsa frásögn en einnig er lagt blátt bann við því að gripið sé fram í fyrir vitni á þessu stigi, eins og að það sé spurt spurninga út í framburð þess. Heldur er lagt upp úr því að spyrill beiti virkri hlustun og reyni að hvetja vitnið til að tjá sig sem mest frjálst, en frammígrip og spurningar á þessu stigi leiða vitnið frekar til að takmarka svör sín, stytta þau og draga frá hluti sem þeim finnast ekki skipta máli, en gætu skipt miklu máli við rannsókn málsins. Hér er lagt upp úr því að skapað sé umhverfi sem hvetji vitnið til þess að tjá sig.
4. Þegar frjáls frásögn vitnis er lokið er farið yfir í þann kafla viðtalsins sem kallast getur nánari skoðun en þar skiptir spyrill viðtalinu í hluta og biður viðmælanda sinn um að segja sér nánar frá ákveðnum hluta viðtalsins og spyr síðan nánar út í það sem þarfnast nánari skýringa. Best væri að lýsa þessu á eftirfarandi hátt: Í frjálsri frásögn segir viðmælandi frá því sem gerðist, eða frá A – Ö. Við nánari skoðun biður spyrill hins vegar um að viðmælandi segi sér aftur frá því sem gerðist á milli A – D og fær þar í raun tvær frjálsar frásagnir af atburðinum, spyr síðan nánar út í það sem gerist milli A og D en tekur síðan frásögnina saman og biður viðmælandann um að leiðrétta sig ef samantektin í lok „kaflans" er ekki rétt. Reyndin er nefnilega sú að við þessa seinni frjálsu frásögn viðmælanda af hluta heildarfrásagnarinnar koma oft fram staðreyndir sem komu ekki fram við fyrstu frjálsu frásögn viðmælandans. Þetta þjónar einnig þeim tilgangi að meira mark sé á það leggjandi sem viðmælandi segir í frjálsri frásögn en því sem kemur fram við spurningar.
5. Oft vill bera við að þegar búið er að fara í gegnum frásögn vitnis af atburðum vilji seinni hluti viðtals vera losaralegur en þá sé álagið minna á spyrilinn að vera eins nákvæmur. Vegna þessa er nokkuð lagt upp úr því að forminu sé fylgt fram að lokum viðtals. Er spyrjandi telur sig hafa tæmt efnið er lagt upp úr því að spyrjandi biðji viðmælenda sinn að

hugsa um hvort það sé eitthvað sem hafi gleymst eða hvort viðmælanda komi eitthvað í hug sem hann vilji koma að en á meðan viðmælandi hugleiði það ætli spyrjandi að bregða sér frá og ræða við aðstoðarspyril en hans hlutverk er að fylgjast með tækjabúnaði sem og að fylgjast með viðtalinu og athuga hvort spyrli yfirsjáist eitthvað. Hér á landi ætti þetta ekki alveg við enda spyrill með heyrnartól þar sem hægt er að koma til hans spurningum á meðan yfirheyrslu stendur, þótt segja megi að það sé ekki til fyrirmyndar sem slíkt, betra sé að leyfa spyrli að halda sínum takti og koma síðan að spurningum í lok viðtals. Ef um einhverjar fleiri spurningar er að ræða er þeim komið á framfæri. Undir lokin er viðmælanda kynnt að hægt sé að koma upplýsingum á framfæri ef eitthvað rifjast upp síðar, þá sé aftur komið inn á spjall og viðtalinu lokið á vinalegum nótum, ótengdum efninu, enda sé það gert þar sem það bæti minni viðmælanda um viðtal og auki líkur á að eitthvað fleira rifjist upp fyrir honum.

Hér að ofan hefur verið farið gróflega í þá þætti sem viðtalið byggist á en mikilvægt er að nefna að orðanotkun sé rétt og viðeigandi, sérstaklega að forðast sé að spyrja leiðandi spurninga. Fyrst ber að nefna að gott er að byrja á spurningum sem Bretar kalla TED-spurningar (Tell me, Explain, Describe) eða segðu mér. . . lýstu . . . . .  útskýrðu.  Þá er einnig rætt um að nota hinar þekktu hv. spurningar; hvar, hvað, hvernig, hvenær, hver en forðast að nota spurninguna hvers vegna, enda geti vitni skilið spurninguna sem eins konar ásökun: „Hvers vegna sagðirðu engum frá?“ Einnig er varað sérstaklega við spurningum sem gefa viðmælandanum tækifæri á því að svara stuttaralega, svo sem: Viltu segja mér hvað gerðist? Gætirðu sagt mér  o.s.frv.
Það sem er áberandi í þeirri spurningatækni sem er kennd er að spurningar eiga að byrja á því að vera sem víðastar en þrengjast síðan, eftir því sem efnið er kannað. S.s. að fyrst sé spurt á almennum nótum en síðan séu spurningar þrengdar koll af kolli þangað til málið er fullkannað en þá sé byrjað á nýju efni með opinni spurningu. Þá er einnig rætt um að ef spyrja þurfi lokaðra spurninga sé þeim fylgt eftir með opinni spurningu. Til dæmis: „Var bíllinn stór eða lítill?“, „Segðu mér frá bílnum.“

**Samtalsstjórnun við yfirheyrslu**
Eins og fyrr segir hefur þriðja vika námskeiðsins snúist um viðtöl við þau vitni sem eru „erfið“ en það getur til að mynda falist í vitni sem á einfaldlega erfitt með að tjá sig vegna áfalls eða ótta við hefndarverk vegna framburðar síns. Einnig getur verið um að ræða fólk sem, vegna vitnaskyldu, neyðist til að gefa framburð en er samt sem áður ekki viljugt í að lýsa atburðum. Eins og gefur að skilja getur reynst erfitt að nota hið svokallaða „kognatíva módel“, hugræna aðferð á þessa aðila, einfaldlega vegna þess að hin frjálsa frásögn (free narrative) verður of stutt og gefur tóninn um að vitnið muni ekki tjá sig frjálst, geta eða vilji vitnis til að tjá sig frjálst er ekki til staðar og því leiðist viðtalið út í spurningar og svör (Q & A), sem er ekki besta aðferðin til að fá nákvæman og ítarlegan vitnisburð. Vegna þessa hefur verið þróuð önnur aðferð sem snýst um að setja fram ákveðin umræðuefni (topic) sem spyrjandi setur sér að fara út í. Eftir umfangi máls eru umræðuefnin valin, þau geta verið allt frá því að vera 4 – 5 upp í hið óendanlega. Þetta gerir það að verkum að spyrjandi hefur betri yfirsýn yfir þá stefnu sem viðtalið tekur og nær einnig betur að tæma þau málefni sem tala þarf um.
Eins og gefur að skilja reynir þetta módel frekar á undirbúning spyrjandans á viðtalinu áður en það hefst, að spyrjandinn sé búinn að mynda sér skoðun og skrifa niður þau umræðuefni sem honum finnst að þurfi ávallt að koma fram. Þetta getur hins vegar einnig kallað á það að spyrjandinn sé ekki opinn fyrir þeim umræðuefnum sem viðtalið býður upp á og er það einn helsti vandi þessarar aðferðar og því ekki mælt með að þetta sé notað á þau vitni sem gefa meira upp, tjá sig frjálst, og jafnvel stungið upp á að ef málbein vitnisins liðkast sé skipt yfir í hið „kognatíva módel“ sem býður upp á frjálsari frásögn vitnisins.
Þrátt fyrir það að spyrjandi sé búinn að setja sér einhver umræðuefni er aðferðin sett upp á þann máta að ávallt er byrjað á því að bjóða viðmælandanum að tjá sig frjálst en vel getur verið að viðmælandi tjái sig einungis með einni setningu. Í því tilviki myndi spyrjandinn byrja á því að tæma þau umræðuefni sem viðmælandi býður upp á, enda greinilegt að þau efni eru viðmælandanum efst í huga og líkleg til þess að viðmælandinn sé tilbúinn að ræða þau, öðrum fremur.
Dæmi um þetta væri að viðmælandi væri spurður opið: „Segðu mér hvers vegna þú ert kominn hingað í dag?“ og svarið við því væri: „Nú, til að tala um manninn sem var stunginn á Höfðanum í gær.“
Hér eru komin nokkur umræðuefni sem hægt er að byrja viðtalið á: **<u>maðurinn, atburðurinn (stungan), Höfðinn, gærdagurinn.</u>** Við fyrstu sýn virðist þetta barnalega einfalt en allt miðar þetta að því að notfæra sér þann vilja, hversu mikinn eða lítinn, sem viðmælandi hefur til að tjá sig, að því gefnu að ekki fáist almennileg frjáls frásögn. Héðan er hvert umræðuefni klárað, það krufið og þeirra spurninga spurt sem skipta máli og í lok hvers efnis er gerð samantekt þar sem viðmælandi er beðinn um að leiðrétta, fari spyrjandi með rangt mál. Þegar svo er búið að fara í fyrrgreind umræðuefni tekur við að fara í þau umræðuefni sem spyrjandi hafði áður sett upp, eigi það við, eða þau sem gætu hafa komið upp í samtalinu.






Módelið, eða aðferðafræðina, köllum við samtalsstjórnun, þar sem spyrjandinn stýrir samtalinu inn á þær brautir sem skipta máli við rannsóknina.
Auðvitað eru þetta engin ný fræði, allir sem hafa yfirheyrt hafa í sjálfu sér gert einmitt þetta, hugleitt það fyrir yfirheyrsluna hvað þurfi að fara yfir og síðan stýrt samtalinu inn á þær brautir. Á námskeiðinu hefur tæknin hins vegar verið sett á blað og sett fram á skipulagðan máta.

**Tækjabúnaður**
Eftirfarandi tækjabúnaður er notaður við yfirheyrslur á vitnum í Englandi. Búnaðurinn er góður og einfaldur í notkun.  Mynd og  hljóð eru mjög skýr.  Ef ónothæfir DVD-diskar eða kassettur eru settar í tækið, gefur það frá sér viðvörunarhljóð.  Tækin þykja óhemju góð í endingu og lítill viðgerðarkostnaður fylgir þeim.

**Heimildir**
Home Office, Crown Presecution Service og Department of Health (2001). *Achieving Best Evidence in Criminal Proceedings:  Guidance for Vulnerable or Intimidated Witnesses, including Children.*
Home Office, Grown Presecution Service og Department of Health. (2003). Provision of Therapy for Child Witnesses Prior to a Criminal Trial.
Home Office, Grown Presecution Service og Department of Health. (2003). *Early Special Measures Meetins between the Police and the Crown Prosecution Service and Meetings between the Crown Presecution Service and Vulnerable or Intimidated Witnesses.  Practice Guidance.*
Sigríður Ingvarsdóttir (2006).  *Skýrslutökur af börnum fyrir dómi.* Sótt 3. ágúst 2006 af slóðinni http://www.domstolar.is/greinar/nr/237/.
S.M. Mc. Coll (2006).  Child Development and its Relevance to Investigative Interviewing of Children and Vulnerable Adults..  *The Child's Perspective.* Manchester:  Greater Manchester Police.



# Norðurlandamót lögreglumanna í handknattleik

## *Haldið í Åhus í Svíþjóð 24. – 28. apríl 2006*

Handknattleikslið Íþróttasambands lögreglumanna, ÍSL, bæði karla og kvenna, hélt með flugi Iceland Express til Kaupmannahafnar snemma morguns 24. apríl til að taka þátt í Norðurlandamóti lögreglumanna í handknattleik. Í fyrsta skipti skyldi keppt í kvennaflokki og íslenskar lögreglukonur héldu ótrauðar til Svíþjóðar.

**Hópurinn var skipaður eftirtöldum:**
**Karlar:** Árni Friðleifsson, Ásbjörn Stefánsson, Ásmundur Jónsson, Ingólfur M. Ingólfsson, Jens Gunnarsson, Karl Arnarson, Kjartan Æ. Kristinsson, Pétur Guðmundsson og Sigurður J. Stefánsson Reykjavík. Guðjón R. Sveinsson Hafnarfirði. Hinrik Pálsson og Huginn Egilsson ríkislögreglustjóra og Jón B. Arnarson Vestmannaeyjum.
**Konur:** Arna Óskarsdóttir, Arndís Sveinsdóttir, Ásdís O. Sigurðardóttir, Bylgja Baldursdóttir, Dagný S. Hjörvarsdóttir, Guðrún Árnadóttir, Hafdís B. Albertsdóttir, Ingibjörg Pétursdóttir, Martha Sandholt, Sigrún Jónasdóttir, S. Rósa Óskarsdóttir og Steinunn Einarsdóttir Reykjavík. Helga M. Gunnarsdóttir Hafnarfirði og Tinna Jóhönnudóttir Selfossi.
Þjálfari Valgarður Valgarðsson og liðsstjóri Birgir S. Jóhannsson
Fararstjórar Gissur Guðmundsson og Kristján Geirsson stjórnarmenn í ÍSL

**Leikir liðanna 25. apríl**
***Konur: Ísland 14 (5)- Noregur 33 (11)***
Byrjunarlið: Bylgja (mark), Rósa, Tinna, Martha, Dagný, Hafdís, Ingibjörg.
Mörk Íslands: Dagný (8), Ingibjörg (2), Guðrún (1), Martha (1), Rósa (1), Tinna (1).
Rósa spilaði aðeins þennan eina leik í mótinu því hún þurfti að fara heim til Íslands daginn eftir vegna alvarlegra veikinda móður sinnar.
***Karlar: Svíþjóð 34 (15) - Ísland 22 (14)***
Byrjunarlið: Ingólfur (mark), Guðjón, Huginn, Árni, Ásbjörn, Kjartan, Jens.
Mörk Íslands: Kjartan (5), Árni (4), Guðjón (3), Huginn (3), Hinrik (2), Jens (2), Karl (2), Ásmundur (1).
Það vakti nokkra athygli að Ásbjörn skoraði ekki mark í leiknum, en hann er eini leikmaður íslenska liðsins sem er að spila í efstu deild. Hann leikur með Fylki. Árni braut kjánalega af sér á 6. mín. síðari hálfleiks og fékk samstundis rautt spjald fyrir vikið. Hann var því í leikbanni daginn eftir, þ.e. á móti Dönum.



**26. apríl**
***Konur: Ísland 6 (4) - Danmörk 34 (15)***
Byrjunarlið: Bylgja (mark), Helga, Tinna, Martha, Dagný, Hafdís, Ingibjörg.
Mörk Íslands: Ingibjörg (2), Tinna (2), Dagný (1), Hafdís (1).

***Karlar: Danmörk 33 (18) - Ísland 28 (14)***
Byrjunarlið: Ingólfur (mark), Guðjón, Hinrik, Huginn, Ásbjörn, Kjartan, Jens.
Mörk Íslands: Ásbjörn (12), Huginn (6), Jens (4), Ásmundur (2), Kjartan (2), Guðjón (1), Hinrik (1).

**27. apríl**
***Konur: Svíþjóð 33 (16) - Ísland 7 (3)***
Byrjunarlið: Bylgja (mark), Ásdís, Tinna, Martha, Dagný, Hafdís, Ingibjörg.
Mörk Íslands: Dagný (3), Ingibjörg (2), Ásdís (1), Hafdís (1).
Leikurinn var nýhafinn þegar Bylgja, markmaður, meiddist og fór á sjúkrahús. Guðrún fór þá í markið og stöð sig ótrúlega vel, varði 19 skot.
Tinna spilaði aðeins hluta fyrri hálfleiks. Henni var mjög illt í hægri handlegg og í síðari hálfleik fór hún á sjúkrahús. Þar voru þær saman, hún (með eymsli í vöðvafestingum) og Bylgja (með eymsli í krossböndum í hné).
Martha fékk tvö gul spjöld í fyrri hálfleik. Í

byrjun síðari hálfleiks fékk hún það þriðja og þar með rautt spjald.
Það mæddi mikið á Dagnýju og Hafdísi í leiknum vegna þeirrar stöðu sem upp var komin og voru þær örþreyttar í leikslok.

***Karlar: Ísland 15 (9) - Noregur 35 (19)***
Byrjunarlið: Ingólfur (mark), Guðjón, Huginn, Árni, Ásbjörn, Kjartan, Jens.
Mörk Íslands: Ásbjörn (6), Árni (3), Hinrik (2), Huginn (2), Kjartan (1), Sigurður (1).

| | Karlar | Konur |
|---|---|---|
| 1. sæti | Svíþjóð | Noregur |
| 2. sæti | Noregur | Danmörk |
| 3. sæti | Danmörk | Svíþjóð |
| 4. sæti | Ísland | Ísland |



Ásbjörn var markhæsti maður mótsins, ásamt leikmanni annars liðs, með 18 mörk.
Dagný fékk einnig viðurkenningu í mótslok, en hún stóð sig vel í íslenska liðinu.
Þar sem Rósa (markmaður, útileikmaður, nuddari) þurfti að fara heim tóku Jón Bragi og Sigrún það að sér að nudda þá leikmenn sem þess þurftu, sem voru allnokkrir. Þau kunna bæði nokkuð fyrir sér í nuddi, hafa lært það að einhverju leyti.
Ekki veitir af að hafa fastan sjúkraþjálfara/nuddara með í svona ferðir, sem eru ansi strembnar og mikið um hnjask. Sjúkrataskan tæmdist t.d. á stuttum tíma og þurftu fararstjórarnir að fylla á hana. Danir og Svíar voru með slíka aðstoðarmenn og höfðu þeir meðferðis ferðanuddbekki. Við sáum ekki hvort Norðmenn voru þannig útbúnir.
Gissur og Kristján stóðu sig vel sem fararstjórar, báðir léttir í skapi og stutt í grallaraskapinn hjá þeim. Gissur þurfti m.a. að dvelja hluta fimmtudagsins 27/4 uppi á sjúkrahúsi með þeim Bylgju og Tinnu. Það var dálítið skrítið að hafa ekki Óskar Bjartmarz með í ferðinni en hann hefur verið í öllum handboltaferðum ÍSL fram til þessa, a.m.k. frá árinu 1984.
Vel var staðið að því af hálfu stjórnar ÍSL að klæða okkar lið upp vegna mótsins. Tvö keppnissett voru á hvort lið, nýr og fínn upphitunargalli ásamt góðri peysu og léttum snotrum jakka. Ekki má síðan gleyma íþróttatöskunni.
Markmannssett fyrir kvennaliðið gleymdist en bjargaðist þó á síðustu stundu áður en út var haldið, auk þess sem nokkrar treyjur kvennaliðsins voru misstórar, þ.e. treyja með sama leiknúmeri var t.d. í stærð M í öðru búningasettinu en í stærð S í hinu. Þetta skapaði nokkur vandræði fyrir sumar stúlkurnar.
Eins og sjá má af úrslitum leikjanna var við ramman reip að draga fyrir okkar lið á þessu móti, þ.e. bæði karla- og kvennaliðið. Þvílík breidd sem hin liðin höfðu, sérstaklega karlaliðin, það virtust vera tveir álíka góðir leikmenn um hverja stöðu. Ekki skemmdi það heldur fyrir að markverðir liðanna voru oftast að skila sínu.
Eftir því sem okkur skildist þá eru t.d. leikmenn kvennaliðs Dana einnig að spila ýmist í efstu deild eða neðri deildum handboltans í Danmörku auk þess sem þar í landi fara fram lögreglumót í handbolta. Ætla má að sömu sögu megi segja um hin kvennaliðin tvö svo og karlaliðin þrjú. Danska kvennaliðið æfði hins vegar ekki saman fyrr en skömmu fyrir mót, það var hver og ein að spila með sínu liði fram að því.
Alls fóru 32 aðilar (leikmenn, þjálfarar, fararstjórar) á mótið af hálfu ÍSL. Flogið var til Kaupmannahafnar og síðan farið með lest til Kristianstad í Svíþjóð. Þaðan var farið með rútu á áfangastað, þ.e. til Åhus, sem er strandbær á suðausturströnd landsins.
Gistingin var ágæt, en gist var á Hotel Åhus Strand, svo og maturinn. Það var hins vegar fulllangt í íþróttahúsið til að hægt væri að ganga reglulega á milli. Við vorum upp á Danina komin með ferðir á milli staða, en þeir voru með lögreglurútu eins og svo oft áður. Sem betur fer var bílstjórinn léttur í lund og tók okkur vel, enda var hann leystur út með gjöfum.
Samkvæmt hefðinni voru nýliðar vígðir inn í hópinn áður en lokahófið fór fram, sem var á fimmtudagskvöldinu . Að þessu sinni voru nýliðarnir 13 alls, þ.e. 9 úr kvennaliðinu og 4 úr karlaliðinu. Vígslurnar eru með sínu sniði hverju sinni, spilað eftir hendinni, en einn liðurinn eru spurningar á léttum nótum. Ein spurning hefur fest sig í sessi, er alveg ómissandi. Hún er þessi: „Hver er keisarinn?“ Svörin eru stundum rétt (Óskar Bjartmarz) en geta líka verið alveg út úr kú. Þá er mönnum að sjálfsögðu refsað.
Tveir úr hópnum fóru fyrr heim (Guðmundur og Rósa) og 13 aðilar framlengdu dvölina um 2 – 4 daga (urðu eftir í Kaupmannahöfn). Það voru því 17 sem fóru heim 28/4.
Tímasetning mótsins var mjög slæm fyrir ÍSL, en Norðurlandamótin hafa yfirleitt verið haldin í maí. T.d. voru próf í Lögregluskólanum þessa sömu viku og mótið var haldið auk þess sem námskeið voru haldin í skólanum á sama tíma. Vegna þessa misstum við sterka einstaklinga úr bæði karla- og kvennaliðinu. Einnig duttu út aðilar vegna meiðsla, en þeir hefðu getað verið búnir að jafna sig ef mótið hefði verið haldið í maí.
Undirbúningur íslenska karla- og kvennaliðsins var með óvenju-“löngum og góðum” hætti að þessu sinni, þótt úrslit mótsins gefi ekki þá mynd.
Karlaliðið byrjaði að æfa saman snemma í haust, þ.e. í byrjun sept. Æft var einu sinni í viku, þ.e. á þriðjudögum. Liðið spilaði síðan undir merkjum Leiftra í utandeildinni í allan vetur auk þess að taka þátt í bikarkeppninni sl. haust. Leiftri féll úr bikarkeppninni eftir fyrsta leik, tapaði þá fyrir FHe. Þar um borð voru m.a. fyrrum lögreglumenn, Hans Guðmundsson og Hálfdán Þórðarson, sem báðir hafa tekið þátt í mótum fyrir hönd ÍSL.
Utandeildin var tvískipt sl. vetur. Fyrri hlutann spilaði Leiftri í A-riðli og lenti þá í 3. sæti af 10 liðum. Síðari hlutann spilaði Leiftri í 1. deild og lenti þá í 8. sæti af 10 liðum. Ekki gátu allir liðsmenn Leiftra alltaf mætt í leikina í utandeildinni. Það var sérstaklega erfitt í síðari hlutanum, eins og sjá má af stigatöflunni, því þar komu saman betri liðin eftir riðlakeppnina. Stundum stóð tæpt á að það næðist í lið hjá okkur. Heimaleikir Leiftra fóru fram í Mýrinni í Garðabæ en þar ræður ríkjum fyrrum lögreglumaður og liðsmaður ÍSL, Kristján Hilmarsson.
Kvennaliðið hóf æfingar í byrjun nóvember og æfði það einnig á þriðjudögum, var með tíma á eftir karlaliðinu. Í lok janúar fékkst síðan annar tími fyrir kvennaliðið, á fimmtudögum, og æfði liðið þá tvisvar í viku eftir það. Kvennaliðið spilaði fjóra æfingaleiki á undirbúningstímabilinu og vannst einn þeirra, gegn unglingaliði Hauka. Fimmti leikurinn, sem átti að vera gegn unglingaliði Gróttu, féll niður á síðustu stundu.
Æfingar karla- og kvennaliðsins fóru fram í Víkinni. Mætingin hjá karlaliðinu var frekar slök yfir veturinn. Þegar fæst var mættu 3 en þegar mest var mættu 18. Að jafnaði mættu um 7 – 9 manns á æfingar. Mun betri mæting var hins vegar hjá kvennaliðinu. Þegar fæst var mættu 6 en þegar mest var mættu 18, eins og hjá karlaliðinu. Að jafnaði mættu um 10 – 12 manns á æfingar. Margir úr hópnum æfðu þrek og þ.h. nokkrum sinnum í viku, mættu reglulega í Hreyfingu eða Laugar.
Margt spilaði inn í varðandi mætingarnar, s.s. erfitt var stundum að komast úr vinnu, veikindi settu líka strik í reikninginn auk þess sem sérsveitin var oft á sérstökum æfingum starfsins vegna. Sumir, sérstaklega kvenfólkið, fóru til



útlanda í lengri eða skemmri tíma. Ekki má síðan gleyma þætti Lögregluskólans, sem gerði okkur sérstaklega erfitt fyrir að þessu sinni. Sl. vetur var nefnilega haldið námskeið í skýrslugerð og fl. tengdu breytingum á lögreglu- og skýrslugerðarkerfinu og þurfti það endilega að vera á þriðjudögum. Þar þurftu menn að mæta og kom fyrir að tómlegt var á æfingum sökum þess.

Tvær sem æfðu með kvennaliðinu eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins, önnur á Selfossi (Tinna) og hin á Suðurnesjum (Þóra). Þær gátu ekki mætt reglulega á æfingar. Í lokin datt Þóra út og komst ekki með á mótið. Hún var skikkuð á námskeið sem upphaflega átti að vera um





miðjan maí en var sett á sömu daga og mótið fór fram. Það var slæmt að missa hana. Tinna fór með okkur út.

Gaman var að sjá framfarirnar hjá þeim lögreglukonum sem höfðu sjaldan eða aldrei verið í handbolta áður, en þær voru ansi margar. Þær fóru mjög langt á áhuganum, tóku t.d. með sér bolta heim á milli æfingatíma til að æfa sig í að kasta og grípa o.þ.h.

Þjálfarinn og liðsstjórinn mættu oftast báðir á æfingu en í fá skipti mætti aðeins annar hvor þeirra. Þjálfarinn, sem er í dagvinnu, mætti skilningi hjá sínum yfirmönnum. Hann fékk að skreppa frá þegar æfingar voru gegn því að vinna í staðinn lengur fram eftir þá daga. Liðsstjórinn, sem er í vaktavinnu, tók frí þá daga sem æfingarnar hittu á morgunvaktir hjá honum.

Mikill tími fór einnig í utandeildina og æfingaleikina, boðanir, afboðanir, skaffa dómara og starfsfólk á klukkuna o.þ.h. Þá þurfti liðsstjórinn oft að skjótast af kvöldvakt, en leikirnir í utandeildinni fóru yfirleitt fram á kvöldin (föstudagskvöldin voru (ó)vinsæl). Já, ýmsu er fórnað (eða lagt á sig) þegar áhuginn er fyrir hendi og menn vilja gera vel.

Nú er spurning hvenær næsta handknattleiksmót lögreglumanna verður haldið. Heyrst hefur að mögulegt sé að ekki verði framhald á bókamótum í þessari íþróttagrein, sem annars ætti að vera næst árið 2008. Það yrði miður ef svo færi því nú t.d. hefur orðið vakning hjá lögreglukonum varðandi þátttöku í boltaíþróttum og stefnir í að þær ætli að koma á reglulegum æfingum í hand- og fótbolta, þ.e. ef hægt er. Það er of langt að bíða í 4 ár eftir næsta handboltamóti, áhuginn gæti dvínað.

**Birgir S. Jóhannsson liðsstjóri**

## *Mótalisti 2006*

**Landsmót:**
Golf: Keflavík 27. ágúst
Öldungamót innanhússkn. Hafnarfjörður
Skotfimi Reykjavík

**Norðurlandamót:**
Judo og lyftingar Danmörk 15. – 18. október

**Evrópumót:**
Maraþon Tyrkland nóvember

# Lögregluskólamót Norrænu sakamálabókarinnar





**Lögregluskólamót Norrænu sakamálabókarinnar 2006 var að þessu sinni haldið hér á landi í fyrsta sinn. Við vorum síðastir í röð Norðurlandanna til að halda mótið. Það var fyrst haldið 2002 í Noregi, síðan í Finnlandi 2003, í Svíþjóð 2004 og í Danmörku 2005. Mótið er haldið af Íþróttasambandi lögreglumanna og Lögregluskólanum með Nordisk kriminal krønika (Norrænu sakamálabókina) sem kostnaðaraðila samkvæmt samkomulagi við Norræna lögregluíþróttasambandið.**



**Í liði okkar voru eftirtaldir:**
Gestur Kolbeinn Pálmason, Jóhann Örn Guðbrandsson, Bjarni Skúlason, Sigurður Árni Reynisson og Ásmundur Rúnar Gylfason.
Helga Einarsdóttir, Martha Sandholt Haraldsdóttir og Steinunn Einarsdóttir. Liðsstjóri var Aðalsteinn Bernharðsson Lögregluskólanum

Lið Norðmanna kom til landsins miðvikudaginn 25., lið hinna þjóðanna komu síðdegis fimmtudaginn 26. og voru sótt á Keflavíkurflugvöll og flutt á Grand hótel við Sigtún þar sem þau gistu. Þau voru í fæði í mötuneyti lögreglunnar í Reykjavík og voru flutt á milli með bílum. Á fimmtudagskvöldinu var fundað með fararstjórum og þjálfurum um fyrirkomulag mótsins. Allar þjóðirnar vou með fullskipað lið.
Föstudaginn 27. eftir hádegi fóru liðin með rútu að Nesjavöllum þar sem virkjunin var skoðuð, en síðan var farið að Þingvöllum og endað með skoðun á Lögregluskólanum. Flestir hinna erlendu gesta fóru síðan í Bláa lónið.
Keppnin hefur verið með þeim hætti að keppt hefur verið í svonefndri löggufimmtarþraut, sem er skammbyssuskotfimi, bringusund, langstökk, kúluvarp og víðavangshlaup. Keppnin er stigakeppni einstaklinga og liðs í bæði karla- og kvennasveitum. Þannig hefur keppnisformið verið nema á fyrsta mótinu, þá var keppt í bekkpressu í stað kúluvarpsins.
Keppnislið hvers lögregluskóla samanstendur af 5 körlum og 3 konum.
Það hafði verið samþykkt hjá stjórnum íþróttasambanda lögreglumanna á Norðurlöndunum sl. haust að breyta fyrirkomulagi keppninnar og hætta keppni í kúluvarpi og langstökki og fækka keppnisgreinum í þrjár.
Laugardaginn 28. apríl kl. 08.00 hófst keppni í skotfimi í Egilshöllinni, Þar sem keppt var í skammbyssuskotfimi á 25 m. brautum. Keppni í skotfimi er nokkuð tímafrek grein og var keppninni ekki lokið fyrri en kl 12.15.
Sundkeppnin fór fram í Sundhöll Reykjavíkur við Barónsstíg og hófst keppnin þar um 13.30. Gekk hún vel fyrir sig þar sem keppt var í 200 m bringusundi karla og 100 m bringusundi kvenna og var keppninni lokið kl. 14.20.
Keppnin í víðavangshlaupinu fór fram á Miklatúni og hófst kl. 15.00 í ágætisveðri, en úrhellisrigning hafði verið um morguninn á meðan skotkeppnin fór fram. Þar var keppt með sama fyrirkomulagi og verið hafði á hinum mótunum að sá keppandi sem var með flest stig eftir hinar tvær greinarnar byrjaði og síðan koll af kolli eftir þar til gerðri stigatöflu um tímamun miðað við árangur eftir hinar greinarnar. Þetta fyrirkomulag gerir það að verkum að sá sem kemur fyrstur í mark er sigurvegari og sá sem kemur næstur í mark er í öðru sæti mótsins og svo framvegis.

## *Úrslit mótsins:*

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Skotfimi/karlar.** | | | |
| 1. | Gestur Kolbeinn Pálmason | ÍSL | 181 stig |
| 2. | Jóhann Örn Guðbrandsson | ÍSL | 174 stig |
| 3. | Robert Walter Lie | NOR | 173 stig |
| **Skotfimi/konur.** | | | |
| 1. | Helga Einarsdóttir | ÍSL | 172 stig |
| 2. | Marie Fossen | NOR | 170 stig |
| 3. | Anna Claes | SWE | 169 stig |
| **200 m bringusund/karlar** | | | |
| 1. | Isohanni Jorma | FIN | 2:12:6 mín. |
| 2. | Emir Gazibegovic | SWE | 2:12:6 mín. |
| 3. | Salmi Mikko | FIN | 2:43:5 mín. |
| **100 m bringusund/kvenna** | | | |
| 1 | Helena Sivertsson | SWE | 1:07:1 mín. |
| 2. | Johanna Richard | SWE | 1:07:8 mín. |
| 3. | Lene Sveigaard Larsen | DAN | 1:08:6 mín. |
| **3000 m víðavangshlaup/karlar.** | | | |
| 1. | Gotfred Skjodeberg | DAN | 9:26 mín. |
| 2. | Peter Forsberg | SWE | 9:50 mín. |
| 3. | Kristian Nastad | NOR | 9:51 mín. |
| **2000 m víðavangshlaup/konur.** | | | |
| 1. | Helena Sivertsson | SWE | 7:25 mín. |
| 2. | Marie Fossen | NOR | 7:35 mín. |
| 3. | Anna Claes | SWE | 7:56 mín. |
| **Samanlögð stig/karlar.** | | | |
| 1. | Isohanni Jorma | FIN | 3.003,9 stig |
| 2. | Sven Bergström | SWE | 2.752,8 stig |
| 3. | Kristian Nastad | NOR | 2.706,4 stig |
| **Samanlögð stig/konur.** | | | |
| 1. | Anna Claes | SWE | 2.863 stig |
| 2 | Helena Sivertsson | SWE | 2.758 stig |
| 3 | Marie Fossen | NOR | 2.739 stig |

**Heildarúrslit – liðakeppni ( 4 bestu karlar – 2 bestu konur)**

| | | |
|---|---|---|
| **Karlar:** | | |
| 1. | Noregur | 10.011,0 stig |
| 2. | Finnland | 9.921,8 stig |
| 3. | Svíþjóð | 9.805,4 stig |
| 4. | Ísland | 8.759,8 stig |
| 5. | Danmörk | 8.635,9 stig |
| **Konur:** | | |
| 1. | Svíþjóð | 5.621 stig |
| 2. | Noregur | 4.565 stig |
| 3. | Ísland | 4.168 stig |
| 4. | Danmörk | 4.159 stig |
| 5. | Finnland | 4.111 stig |

Um kvöldið var síðan haldið lokahóf í félagsheimili Lögreglufélags Reykjavíkur þar sem verðlaun voru veitt og ræður haldnar. Liðsstjóri Svíanna lét hafa eftir sér að þetta væri besta lögregluskólamótið sem haldið hefði verið fram að þessu. Að loknum ræðuhöldum voru bornar fram góðar veitingar og menn skemmtu sér vel fram undir miðnætti. Flestir hinna erlendu gesta áttu síðan að fara með flugi snemma næsta morgun, en aðrir um hádegi, nema Norðmenn sem ætluðu að vera degi lengur og ferðast um landið á eigin vegum.

**Óskar Sigurpálsson gjaldkeri ÍSL**



# Evrópumeistaramót lögreglumanna *í frjálsum íþróttum*

*Prag í Tékklandi dagana 26. – 28. maí 2006*




**Íþróttasamband lögreglumanna sendi fjóra keppendur á þetta mót. Pétur Guðmundsson, kúluvarp, Sverrir Guðmundsson, stangarstökk, Gunnar Axel Davíðsson og Þorsteinn Þorsteinsson í 100 og 200 metra spretthlaupum.**

**Ferðalagið út**
Lögðum við af stað frá Íslandi að morgni dags 25., uppstigningardag, keppendur og tveir fararstjórar, undirritaður og Óskar Sigurpálsson. Flugum um Stansted til Prag þar sem tekið var á móti okkur og okkur ekið á Hótel Prag þar sem skráning keppenda fór fram. Að skráningu lokinni komumst við heim á Hótel Crawn Plaza, þar sem við gistum og þá var komið vel fram á kvöld.

**Keppnisstaður**
Leikvangurinn sem keppnin fór fram á var í göngufæri frá hótelinu okkar, heimavöllur Dukla Prag, íþróttafélags sem hætti starfsemi fyrir nokkrum árum. Leikvangur þessi er nú notaður af lögreglu og her Tékklands. Leikvangurinn var glæsilegur í alla staði, svo og allur aðbúnaður. Leikvangurinn sjálfur var notaður eingöngu til keppni, en sérstakt upphitunarsvæði var til hliðar. Þar var einnig keppt í nokkrum kastgreinunum, svo sem kúluvarpinu.
Mótið var sett með inngöngu íþróttamanna undir þjóðfánum. Fánaberar komu frá hverju landi fyrir sig og voru í einkennisfötum. Stórir hópar keppenda voru frá nokkrum löndum og greinilegt að vel er staðið að íþróttamönnum hjá lögregluliðum víða um álfuna.

**Árangur okkar manna**
Á fyrri keppnisdeginum kepptu Gunnar Axel og Þorsteinn í 100 metra hlaupi. Keppt var í tveimur riðlum og hljóp Þorsteinn í fyrri riðli á tímanum 11.98. Gunnar Axel hljóp í öðrum riðli, en varð svo óheppinn að þjófstarta og var dæmdur úr keppni. Þessi grein vannst á tímanum 10:46 sek.
Á öðrum degi keppti Pétur Guðmundsson í kúluvarpi. Hann komst í úrslit og varpaði kúlunni 16.50 metra, sem dugði honum í 8. sætið. Þessi grein vannst með kasti upp á 19.49 metra.
Sverrir Guðmundsson tók fram stangirnar sínar og vippaði sér yfir 4.20 metra. Hann átti mjög góða tilraun við 4.40 metra, en felldi naumlega. Þessi grein vannst með stökki yfir 5.10 metra.
Þá hlupu Þorsteinn og Gunnar Axel 200 metra. Þorsteinn hljóp í fyrsta riðli af þremur. Hann náði tímanum 23.50. Gunnar Axel hljóp í þriðja riðli og náði tímanum 24.36. Þessi grein vannst á tímanum 21:04 sek.

**Lokaorð**
Mót þetta var gríðarlega sterkt og meðal keppenda voru íþróttamenn sem tóku þátt í síðustu Ólympíuleikum og heimsmeistaramótum. Alls voru sett 16 mótsmet. Öll umgjörð mótsins var glæsileg og mikið metnaðarmál fyrir Tékka að mótið tækist vel. Í mótslok var lokahóf þar sem árangur var tíundaður. Þar kom fram að flest verðlaun fóru til Þjóðverja. Það voru síðan lögreglumenn, annar frá Úkraínu og hinn frá Frakklandi, sem stjórnuðu skemmtiatriðum fram á kvöld.

Heimferðardagur var tekinn snemma. Mættir í flugrútuna rétt rúmlega 08:00. Flugum til London þar sem við þurftum að bíða nokkra klukkutíma og komumst að lokum heim til Íslands undir miðnætti sunnudagsins 28.

**Jens Hilmarsson**
**stjórnarmaður ÍSL**

---

# Landsmót lögreglumanna *í innanhússknattspyrnu 2006*

Mótið var haldið í íþróttahúsinu í Garði dagana 31. mars og 1. apríl 2006. Upphaflega skráðu sig tólf lið til leiks en tvö lið hættu við þátttöku. Liðin sem tóku þátt eru Keflavík, Keflavíkurflugvöllur, Reykjavík A og B, Akranes, Lögreglufélag Vesturlands, Hafnarfjörður, sameiginlegt lið Hafnarfjarðar B og Kópavogs, Lögregluskólinn og ríkislögreglustjórinn.
Ásgeir Eiríksson, fulltrúi sýslumannsins í Keflavík, setti mótið síðdegis föstudaginn 31. mars og var spilað vel fram eftir kvöldi. Mótið fór að mestu vel fram þrátt fyrir stöku pústra og tæklingar. Dómararnir héldu öllu í föstum skorðum, en um dómgæslu sáu að mestu Magnús Daðason, lögreglumaður á Keflavíkurflugvelli, og Kári Gunnlaugsson, aðaldeildarstjóri tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, en einnig kom að dómgæslunni margfrægur Viðar Guðmundsson. Ekki voru allir sáttir við talningar undirritaðs og fengu nokkrir gefins mörk skráð á sig vegna kvartana.

Lokahóf og verðlaunaafhending fór fram á veitingastaðnum Flösinni við Garðskagavita að mótinu loknu. Besti maður mótsins var valinn Sigurjón Jónsson frá Akranesi. Markahæstur á mótinu var Einar Júlíusson hjá ríkislögreglustjóranum. Prúðasta liðið var valið lið Hafnarfjarðar. Óskar Bjartmarz, formaður ÍSL, sleit mótinu með ræðu þar sem hann m.a. tilkynnti að næsta landsmót yrði haldið á Akureyri.

***Eiríkur Valberg, formaður íþróttanefndar LG.***

**Lokastaðan á mótinu var svona:**

| | Lið | Unnið | Jafnt | Tap | Mörk | Hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Ríkislögreglustjórinn | 8 | 0 | 1 | 46-17 | 29 | 16 |
| 2 | Akranes | 7 | 1 | 1 | 43-19 | 24 | 15 |
| 3 | Keflavík | 7 | 1 | 1 | 30-19 | 11 | 15 |
| 4 | Reykjavík A | 6 | 2 | 1 | 55-21 | 34 | 14 |
| 5 | Hafnarfjörður/Kópavogur | 3 | 2 | 4 | 18-22 | -4 | 8 |
| 6 | Keflavíkurflugvöllur | 3 | 0 | 6 | 16-34 | -18 | 6 |
| 7 | Lögregluskólinn | 2 | 2 | 5 | 16-37 | -21 | 6 |
| 8 | Reykjavík B | 2 | 1 | 6 | 19-40 | -21 | 5 |
| 9 | Lögreglufélag Vesturlands | 2 | 0 | 7 | 17-26 | -9 | 4 |
| 10 | Hafnarfjörður | 0 | 1 | 8 | 18-44 | -26 | 1 |

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Sýslumaðurinn á Ísafirði
Hafnarstræti 1
Trésmíðaverkstæðið Ágúst og Flosi
Árnagötu 3

## Bolungarvík

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Aðalstræti 12

## Flateyri

Úlfar ehf.
Drafnargötu 2

## Tálknafjörður

Bjarmi BA 326
Skógum
Eik ehf. - trésmiðja
Strandgötu 37
Þórsberg ehf.
Pósthólf 90

## Þingeyri

Véla- og bílaþjón Kristjáns ehf.
Hafnarstræti 14

## Hólmavík

Sýslumaðurinn á Hólmavík
Hafnarbraut 25

## Hvammstangi

Aðaltak sf
Höfðabraut 11
Bílagerði ehf.
Eyrarlandi 1

## Blönduós

Kjalfell ehf
Efstubraut 2
Lagnaverk ehf
Melabraut 21
Lögmannsstofa Stefáns Ólafs ehf.
Þverbraut 1
Stígandi ehf.
Húnabraut 29
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Hnjúkabyggð 33

## Sauðárkrókur

Bifreiðaverkstæði Kaupfélags
Skagfirðinga
Freyjugötu 9
Hesturinn
Sæmundargötu 3
Héraðsdómur Norðurlands vestra
Skagfirðingabraut 21
Króksverk ehf.
Borgarröst 4
K-Tak hf
Borgartúni 1
Ræsting og Bón ehf.
Víðihlíð 4
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Suðurgötu 1

## Siglufjörður

Allinn ehf- sportbar
Þormóðsgötu 11-15
Byggingafélagið Berg ehf.
Norðurgötu 16
Norðurfrakt
Tjarnargata 16
Sparisjóður Siglufjarðar
Túngötu 3

## Akureyri

Amaro heildverslun - Viðar ehf.
Frostagötu 6c
Arnarfell ehf. verktakar
Sjafnarnesi 2-4
Ásbyrgi - Flóra ehf.
Frostagötu 2a
Bifreiðastöð Oddeyrar
Strandgata
Bláa kannan
Hafnarstræti 96
Bónstöð Norðurlands
Njarðarnesi 1
Brauðgerð Axels ehf.
Tryggvabraut 22
Brim hf.
Fiskitanga 4
Byggingarfélagið Hyrna
Gleráreyrum 2
Bæjarverk hf.
Óseyri 20
Ekill ehf
Holtateigi 19
Gýmir ehf
Klettaborg 39
Héraðsdómur Norðurlands eystra
Hafnarstræti 107
J.B. Arasynir sf.
Skógarhlíð 27
Lostæti ehf.
Naustatanga 1  box 234
Lögmannsstofa Hreins Pálssonar hrl.
Hofsbót 4
Lögmannsstofan Lögmannshlíð
Ráðhústorgi 3
Malbikun KM
Flögusíðu 2
Plastás ehf.
Óseyri 4
Raf - Óseyri ehf
Óseyri 6
Rafmenn ehf.
Fjölnisgötu 2b
Rafós sf.
Skipagötu 14
Raftákn ehf.
Glerárgötu 34
Stífluþjónustan
Möðrusíðu 1
Straumrás hf.
Furuvöllum 3
Tréborg ehf.
Furuvöllum 1
Trésmiðjan Fjölnir hf.
Fjölnisgötu 2b
Trukkurinn ehf
Hjalteyrargötu 8
Tölvuvinnslan
Hafnarstræti 101
Vélsmiðjan Ásverk ehf.
Gránufélagsgötu 47
Þekking hf.
Hafnarstræti 91-95

## Dalvík

Steypustöðin Dalvík ehf.
Sunnubraut 11

## Ólafsfjörður

Sýslumaðurinn á Ólafsfirði
Ólafsvegi 3

## Húsavík

Eðalbrauð
Garðarsbraut 15
G.P.G. fiskverkun ehf.
Suðurgerði
Höfðavélar ehf
Höfða 24c
Steinsteypir hf.
Hafralæk II
Sýslumaðurinn
á Húsavík
Útgarði 1
Trésmiðjan Rein ehf.
Rein
Vélaverkstæðið Árteigi
Árteigur
Ljósavatnshrepp
Víkurraf ehf.
Héðinsbraut 4

## Vopnafjörður

Verktakafyrirtækið
Ljósaland hf.
Háholti 3

## Egilsstaðir

Austurtak ehf, verktakar
Bjarkargrund 1-3
Ársverk ehf
Mánatröð 4
Betri flutningar ehf.
Miðási 21
Bólholt hf.
Lagarfelli 10
Eskfirðingur hf.
Furuvellir 4
G. Ármannsson ehf.
Ártröð 12
Héraðsverk ehf.
Miðási 19
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Einhleypingi 1
Kaupfélag Héraðsbúa
Kaupvangi 6
Lögmannstofan Regula
Kaupvangi 2
Malarvinnslan hf.
Miðási 11
Miðás hf.
Miðási 9
Snarvirki hf.
Kaupvangi 23b
Verslunarmannafélag Austurlands
Miðvangi 2-4
Ökuskóli austurlands
Háafelli 4a
Trésmiðja Guðna Þórarinssonar
Mássel

## Seyðisfjörður

Þvottatækni ehf.
Strandavegi 21

## Reyðarfjörður

Trévangur hf.
Búðareyri 15

## Eskifjörður

Bílaverkstæði Ásbjörns
Strandgötu 14
Egersund Ísland ehf
Hafnargötu 2
Viðhald fasteigna
Strandgötu 50

## Fáskrúðsfjörður

Vöggur ehf.
Grímseyri 11

## Djúpivogur

Djúp ehf
Borgarlandi 9
Salar Islandica ehf
Bakka 1

## Höfn

Bílverk
Víkurbraut 4
Kaffi Hornið ehf
Hafnarbraut 42
Krossey hf.
Vesturbraut 5
Skeggey ehf.
Miðósi 17
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornarfirði
Hafnarbraut 36

## Selfoss

Bílaþjónusta Péturs ehf.
Vallholti 17
Borgarhús hf.
Minni-Borg, Grímsnesi
Fasteignasalan Bakki ehf.
Sigtúni 2
Holræsa- og stífluþjónusta
suðurlands ehf.
Miðtúni 14
Meindýravarnir Suðurlands ehf.
Gagnheiði 59
Nesey ehf.
Suðurbraut 7
Nesós ehf.
Fossvegi 4
Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts
Laugarás 1
Rafföld ehf.
Grásteini   Ölfusi
Set ehf.
Eyravegi 41
Tindaborgir ehf.
Gagnheiði 55
Tölvutak ehf
Eyrarvegi 27
Verktækni ehf
Fagurgerði 2b
Vöruflutningar Magnúsar G. Öfjörð
Heimahaga 3
Litla kaffistofan ehf

## Þorlákshöfn

Humarvinnslan hf.
Unubakka 42-44
Steinsteypusögun Snæfelds ehf.
Egilsbraut 10

## Laugarvatn

Ásvélar ehf.
Hrísholti 11

## Flúðir

Áhaldahúsið Steðji
Smiðjustíg 2
Flúðaleið ehf.
Vesturbrún 15
Flúðasveppir ehf.
Undirheimum
Gröfutækni ehf.
Smiðjustíg 2

## Hella

Heflun ehf. Verktakaþjónusta
Lyngholti

## Hvolsvöllur

Eining sf
Gaularási
Kjörorka ehf.
Álfhólahjáleigu
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Austurvegi 6

## Vík

Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal
Ránarbraut 1

## Vestmannaeyjar

Bifreiðaverkstæði Muggs
Strandvegi 65
Bílaverkstæði Sigurjóns
Flötum 20
Eyjavík ehf.
Vestmannabraut 23
Frár ehf
Hásteinsvegi 49
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Strandvegi 28
Pétursey ehf
Flötum 31
Reynistaður ehf.
Vesturvegi 10
Skýlið ehf.
Friðarhöfn
Stígandi hf.
Básaskersbryggju 3
Tölvun ehf
Strandvegi 54



Bankastræti og Kvosin 1903. Ljósmynd: Pétur Brynjólfsson.
Bankastræti 2002. Ljósmynd: Anna Fjóla.

# Í takt við tímann

Fyrstu formlegu afskipti yfirvalda í Reykjavík af stöðu hrossa og vagna má rekja til ársins **1880** en fyrsti bílinn kom til landsins **1904**.





**1919** var farið að leggja gjöld á bílastæði bæjarins.

**1935** voru settar almennar takmarkanir á leyfilegan hámarkstíma stöðu bifreiða við nokkrar götur.

**1957** voru fyrstu stöðumælarnir settir upp í Reykjavík til að stýra notkun bílastæða.

**1988** hóf Reyjavíkurborg sérstakt eftirlit með bifreiðastöðum á gangstéttum og víðar.

## 2006

- eru liðlega 1200 stæði í sjö bílahúsum, 2000 við stöðu- og miðamæla og eitt nýtt bílahús er í undirbúningi,
- eftirlit tekið upp á einkalóðum með notkun bílastæða fyrir hreyfihamlaða,
- aukið samráð við íbúa um fjölgun gjaldskyldra bílastæða í íbúðargötum,
- aukið samráð við fyrirtæki og stofnanir með stýringu á notkun bílastæða á einkalóðum,
- unnt að greiða fyrir bílastæði með GSM-símum,
- – og fleiri nýjungar á döfinni.

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

... svo í borg sé leggjandi

næst